



**ÍSDROTTNINGIN
Á ÍSLENSKA
ÆTTINGJA**



**Ævintýra-
maðurinn
Lúlli Karls** ■ Hljóp á sandölum
á heitu hrauni

**NÝTT
UPPHAF EFTIR
ERFIÐA TÍMA**



7. JÚNÍ 2019 / 23. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



**BUNDINN
VIÐ HJÓLA-
STOLI GISTI-
SKYLINU**

■ Eins og að vera í helvíti ■ Öllu er stolið ■ Ruslahaugur kerfisins

**Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

**Víkingabóndinn
ræktar kannabis**
„ÉG LÍT EKKI Á
ÞETTA SEM DÓP“



Þú hitar húsbílinn
með fjarstýringu og nýtur
þannig þæginda og öryggis

Þú færð Webasto
húsbílahitarann hjá

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is




Webasto
Feel the Drive



Síðustu orðin

„Van Halen!“

– Dimebag Darrell gítarleikari Pantera (1966-2004)

Á þessum degi, 7. júní



1654 – Sólonungurinn, Loðvík XIV af Frakklandi, krýndur.



1951 – Minnismerki um 212 breska hermenn, sem féllu á Íslandi, afhjúpað í Fossvogskirkjugarði.



1982 – Graceland, heimili Elvis Presley, opnað almenningi. Salernið þar sem rokkgoðið lést var þó enn lokað.



1992 – Nyr Herjólfur kom til Vestmannaeyja. Gat flutt 480 farþega og 62 fólksbíla.

Múmínálfurinn Björk

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Aðdáendur Múmínálfanna, sögupersóna bóka Finnlandssænska rithöfundarins og myndlistarkonunnar Tove Jansson eru fjölmargir hér á landi, sem annars staðar.

Bækurnar komu út á árunum 1945-1970 og í kjölfarið fylgdu teikni-, brúðu- og bíómyndir. Skemmtigarður var opnaður 1993 og eins og margir íslenskir aðdáendur vita koma reglulega út bollar, diskar og aðrar vörur fyrir

heimilið. Margir eldri bollar fara fyrir stjarnfræðilegt verð í aðdáendahópi á Facebook.

Skemmtilegar eldri myndir af tónlistarkonunni Björk sýna að hún klæddist Múmínálfum löngu áður en það varð „kúl“ að vera aðdáandi þeirra. Myndirnar eru teknar af hollenska ljósmyndaranum Anton Corbijn, sem myndað hefur fjölmargar stórstjörnur, þar á meðal Bruce Springsteen, Robert De Niro, Clint Eastwood og U2, svo aðeins nokkrir séu nefndir. ■



Ísdrottningin Camilla hélt afmælisveislu fyrir Steina

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Þorsteinn Þorsteinnsson vörustjóri Nokia hjá Origo fagnaði nýlega fimmtugsafmæli og fór af því tilefni í afmælisferð til Svíþjóðar og hélt uppá stóra daginn úti.

„Ferðin var meðal annars farin út af fimmtugsafmæli mínu og líka út af þrítugsafmæli frænku okkar. Við eigum stóra fjölskyldu í Svíþjóð sem við erum í mjög góðu sambandi við og förum reglulega út,“ segir Steini. „Við förum út um allt og heimsóttum vini og ættingja, sem við eigum um alla Svíþjóð.“

Ein af frænkum Steina í sænska ættboganum er Camilla Läckberg rithöfundur sem vakið hefur heimsathygli fyrir glæpasögur sínar, meðal annars hér á landi, þar sem er hún er mjög vinsæl.

„Camilla og pabbi eru bræðrabörn,“ segir Þorsteinn, en faðir hans er hálfur Sví og bjó í tíu ár í Svíþjóð, en flutti aftur heim í fyrra. Camilla hélt afmælisveislu fyrir íslenska frændann, sem sló svo sannarlega í gegn hjá afmælisbarninu og öðrum gestum.

Camilla er ótvíræð drottning glæpasagnanna og hefur verið köll-



uð „hin sænska Agatha Christie“. Fyrsta bók hennar hér á landi, Ísprinsessan, kom út árið 2006 og hafa alls 14 bækur hennar verið gefnar út hér, sú nýjasta núna í ár, Gullbúrið. „Þetta er bara einn dagur enn,“ svarar Steini aðspurður um hvern-



ig var að ná fimmtugsaldrinum, „en gríðarlegur þroski sem er tekinn út á þessum degi. Ferðin var skemmtileg reisa og mikið af ættingjum úti þannig að ég fékk eiginlega þrjár veislur út úr ferðinni.“

Aðspurður hvort hann ætli að skella í stórafmælisveislu hér

heima, svarar Steini: „Nei ég held bara ekki, þetta er eiginlega orðið nóg. Nú býður maður bara eftir sextugu, held kannski veislu þá.“

„Bara halda áfram að vinna og lifa lífinu,“ segir Steini spurður um hvernig hann ætli að verja seinni helmingi ævinnar. ■

5 íþróttaviðburðir á oddaárssumri

Oddaárssumur eru glötuð sumur. Þá hafa fót-boltaunnendur hvorki Heimsmeistaramót né Evrópumót til að hlakka til. Árangur strákanna okkar í landsliðinu hefur gert það að verkum að við Íslendingar erum orðnir vanir því að vera með á stórmótum. Er þá ekkert til að hlakka til í sumar annað en góða veðrið og að komast í gótt frí? Jú, það er nóg um að vera í íþróttunum. Hér eru 5 íþróttaviðburðir til að hlakka til.

HM kvenna

Við Íslendingar stærum okkur af því að hér sé eitt mesta jafnréttissamfélag jarðarinnar. Það er ekki til betri leið til að sýna það en að flykkjast fyrir framan imbann og hámhörfa á HM kvenna í Frakklandi. Líkt og í karlaflokki hefur mótið stækkað sífellt. Nú eru 24 lið sem keppa, frá 7. júní til 7. júlí. Kvennaboltinn hefur verið afskiptur lengi, jafnvel þó að knattspyrnukonur séu harðari af sér og meiri töffarar en karlarnir.



Wimbledon

Á Íslandi eru ríkjandi furðulegir fordómar í garð tennis, að íþróttin sé aðeins fyrir snobbaða útlendinga. Í raun eru þessir fordómar furðulegir í ljósi þess hversu miklu ástfóstri við höfum tekið við golfinu. Tennis er frábær íþrótt og ein af fáum þar sem konurnar verða jafnmiklar stjórnur og karlarnir. Wimbledon-mótið, sem fram fer 1. til 14. júlí er að sjálfsögðu toppurinn á tennisdagatalinu.

HM í pílukasti

Lesendur þurfa ekki bíða eftir heimsmeistaramótinu í pílukasti því það er hafið þegar þetta blað kemur út og lýkur sunnudaginn 9. júní. Íslendingar eru sífellt að átta sig á hversu gaman það er að horfa á gildna og illa tennta póbbakalla kasta pílum á spjald. Mótið fer fram í Hamborg í Þýskalandi.



Tour de France

Hjólreiðamótið fræga fer fram dagana 6. til 28. júlí, í Frakklandi að sjálfsögðu. Já, já við vitum að þessir menn eru allir saman á sterum og það er ekkert að marka úrslitin. Við skulum ekki plata okkur til að halda að Lance Armstrong hafi verið sá eini. En á það ekki við um fleiri íþróttir?

HM í krikket

Ef fólk vill fara virkilega út fyrir þægindaramann þá er lag að fylgjast með heimsmeistaramótinu í krikket. Það fer fram á Englandi og Wales og er nú þegar hafið. En lýkur ekki fyrir en 14. júlí, sem þýðir að það er hægt að drepa ansi marga klukkutíma fyrir framan sjónvarpið. Sennilega tekur það þó álika langan tíma að kynna sér reglurnar í þessari fornu nýlenduherri-þrótt.



POTTURINN STEFNIR Í

70

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

Hver er hann?



■ Fjöllistamaður, fæddur árið 1976.

■ Var í hljómsveitinni Trabant.

■ Er bróðursonur Guðmundar Arnar Ragnarssonar predikara á Ómega.

■ Kallaði sig Rassa Prump á yngri árum.

■ Verk hans prýðir nú framhlíð Metropolitan-safnsins í New York.

SVAR: RAGNAR KIARTANSSON

Það er staðreynd að...



Hákarlar eru einu fiskarnir sem geta deplað báðum augum samtímis.



Á hebresku þýðir amen sannleikur.



Að meðaltali eru 333 blóð í hverri klósettrúllu.



Hvísl reynir meira á raddböndin en venjulegt tal.



Norskar kleinur kallast fattigmann, sem þýðir fátæklingur.

YFIRHEYRSLAN

Pórður Helgi Þórðarsson, útlagsmaður á RÚV og plötusnúður, fagnaði nýverið fimmtugsafmæli. Doddi, eins og hann er ávallt kallaður, hefur einnig komið fram sem tónlistarmaðurinn Love Guru, en hann gaf út lagið Lífið er ljúft, í lok maí og framundan er plata og remixplata. DV tók Dodda í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?

Trúlofaður, tvær stelpur og einn strákur.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst krakki?

Eftir að draumurinn um að verða kábóji hvarf þá var það væntanlega útlagsmaður og poppstjarna.

Skemmtilegast að gera?

Hanga með vinum og fjölskyldu.

En leiðinlegast?

Flytja, ég mun aldrei á ævinni flytja aftur.

Býrðu yfir einhverjum leyndum hæfileikum?

Er ekki viss um að ég búi yfir einhverjum opinberum hæfileikum, jú ég get klappað með annarri hendi! Það er geggið.

Versta ráð sem þú hefur fengið?

Aldrei kaupa þér húsnæði, leigðu bara.

Hver er fyrsta minningin þín?

Að detta úr rennibraut, smakka besta ís í heimi og sleikja diskinn eftir að pabbi eldaði spagetti þegar ég var fjögurra ára, gerðist allt á Mallorca.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert?

Flytja að heiman úr örygginu hjá ömmu og afa í verbúð á Súðavík, verulegur skellur. Nei ég var ekki 14 ára, ég var 20 ára gamall, skíthæddur við lífið.

En mest gefandi?

Þegar ég geri einhverja sérþætti í útlagsinu og fólk bankar á mig yfir sig hrífið, love it.

Hver myndi skrifa ævisögu þína?

Það þyrfti að vera einhver skemmtilegur því ekki er hún skemmtileg, ég held að Sóli Hólm sé byrjaður á henni.

Hefur þú fallið á prófi?

Jebb, í dönsku og samfélagsfræði á samræmdu prófunum sem var mikill skellur því ég var veikur þegar samfélagsfræði-

prófið var tekið og ég fékk ekki að taka veikindapróf, ég hefði fengið II!

Uppáhaldshljómsveit og af hverju?

Það hefur alltaf verið Depeche Mode þrátt fyrir að síðustu plötur hafi verið leiðinlegar. Þeir komu inn í mitt líf á réttum tíma með skrítn hljóð og svo fannst mér svo töff að þeir spiluðu bara á hljómborð, ég vissi ekki einu sinni hvað svuntupeysir var. Ég var 12 ára.

Stærsta stund þín í lífinu?

Það eru bara klisjurnar, fæðing barnanna minna, að flytja í draumhúsið. Þegar ég sá Depeche Mode loksins á tónleikum.

Ertu trúður eða trúir þú á æðri mátt?

Nei.

Mannkostir þínir?

Það verða aðrir að svara því.

En lestir?

Ég vil helst ekki að aðrir svari því.

Best að vera útlagsmaður, plötusnúður eða Love Guru?

Að vera útlagsmaður er yndis, hitt er minna yndis.

Eitthvað að lokum?

Dansaðu fíflíð þitt, dansaðu!



Gullöld miðaldra iðnaðarmanna að hefjast



Svarthöfði

Svarthöfði hefur tekið eftir að sumir miðaldra karlmenn ganga um bisperrtir og skælbroandi þessa dagana. Þetta er þjóðfélagshópur sem hefur verið undirokaður í áratugi, nefnilega stuðningsmenn knattspyrnuliðsins Liverpool. Betur þekktir sem Púlarar. Enda var liðið þeirra að lyfta stærstu mjólkurdollu Evrópu og allt virðist á réttri leið hjá þeim.

Púlarar er vissulega réttnefni því oft eru þetta menn sem vinna strangheidarleg störf. Iðnaðarmenn, sjómenn, vörubílstjórar. Þetta eru týpur sem seint verða sakaðir um að fylgja tiskustraumum eða að vera hip og kúl. Þegar þessir menn voru ungir átti Liverpool sitt besta skeið. Titlarnir röðudust inn, bæði innan og utan landsteinana.

En svo skall tíundi áratugurinn á og Liverpool hefur verið í meðallagi. Unnið einstaka dollu af og til en aldrei unnið úrvalsdeildina og ekki nema í örfá skipti átt sjéns. Lækkaði nú risið hjá þessum þjóðfélagshópi og biturðin festist í sessi með hverju vonbrigðaárinu á fætur öðru. „Næsta tímabil“ varð algengasta orðasamsetningin sem þeir notuðu. Þeir fóru

„Að halda með liði í enska boltanum er ákvörðun fyrir lífstíð“

einnig að lifa á fornri frægð, líkt og Fjölnismenn sem litu tárbotir til þjóðveldisaldar á meðan samtímamenn þeirra sultu í vistarbandi og börðust við sull og berkla.

Svarthöfði hefur einnig tekið eftir breytingum hjá öðrum þjóðfélagshópum. Manjú-menn sjást varla á götunum lengur. Þetta eru aðeins yngri menn, alveg við það að detta í miðöldrun. Fordekraðir tappar sem voru ópolandi í tuttugu ár. Þeir voru „glory-hunterar“ síns tíma eins og Púlararinn. Þeir tóku einnig ástfóstri við Schumacher, Tiger Woods, Tyson og Jordan. Þegar er byrjað að örla á sömu hegðun hjá þessum hópi og hjá Púlurum, það er að lifa á fornri frægð og tala um „næsta tímabil“, sem þeir gerðu svo mikil grín að Púlurum fyrir áður.

Treflarnir, eða hipsterarnir, hafa oftast stutt Arsenal, það



er þeir sem horfa á fótbolta yfir höfuð. Þeir sem áður mærdi Arsene Wenger og Thierry Henry á meðan þeir svolgruðu í sig Café Americano og hámuðu í sig Ciabatta með eggaldin, hafa nú að mestu hætt að ræða enska boltann. Nýjasta platan með Belle & Sebastian er sársaukaminna umræðuefni fyrir þá.

Stuðningsmenn Chelsea eru margir hverjir ljóshærðir bankastarfsmenn sem aldrei höfðu horft á enska boltann áður en Eiður og Abramovich komu þangað. Gengi liðsins skiptir þá litlu enda

hafa þeir hvort eð er meiri áhuga á crossfit og cyclothón en að sitja á sveittri fótboltakrá.

City-menn geta góðu gengi fagnað en þeir eru reyndar sjaldgæfari en himbrimar. Lífið breytist heldur ekkert hjá þeim sem völdu sér þá ógæfu að halda með miðlungsgóðum og lélegum liðum. Til að mynda sér ekkert fyrir endann á hinu endalausla svartnætti hvítklæddra Leeds-ara. Að halda með liði í enska boltanum er ákvörðun fyrir lífstíð. Svarthöfði hvetur því lesendur sína til að velja vel. ■

VIÐ HREINSUM RENNUR Á SNYRTILEGAN OG ÖRUGGAN HÁTT

ÞAÐ ÞARF AÐ HREINSA ÞAKRENNUR
EINU SINNI TIL TVISVAR Á ÁRI

Forðastu raka, myglu og vatnsskemmdir!

Einbýlishús



Sumartilboð í nokkra daga - lítil
einbýlishús og raðhús

29.900 kr. ~~49.900 kr.~~

Fjölbýlishús



Verðið miðast við fjölbýlishús
allt að 4. hæðum f. hvern stigagang

59.900 kr.

Engin óhreinindi fylgja rennuhreinsun frá okkur eins og slettur á þaki, húsi eða nálægum hlutum vegna háþrýstisprautu. Öllum úrgangi er hent

TÍMA PANTANIR

Sendu okkur póst á sala@rennuhreinsun.is
með upplýsingum um heimilisfang og símanúmer
eða pantaðu tíma í síma **783 0091**

Rennuhreinsun.is

Borgartún 24 • 105 Reykjavík • sala@rennuhreinsun.is • 783 0091



„Petta er hennar erfiðasti tími“

Guðrún berst við krabbamein í Bandaríkjunum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Söfnun fer fram á GoFundMe fyrir Guðrúnu Sævarsdóttur Fabre, 52 ára gamla íslenska konu, sem er fædd og uppalin í Keflavík, en hefur búið að mestu leyti í Bandaríkjunum.

Guðrún Sævarsdóttir er einstæð móðir þriggja barna, Oliviu Grace, 9 ára, Jonah, 15 ára, og Caleb, 17 ára. Barnsfaðir hennar, Sheffie, býr á öðru heimili kemur fram í texta söfnunarinnar á GoFundMe, en eigi að síður vinna hann og Guðrún saman með velferð fjölskyldunnar að leiðarljósi, fjárhagslega, líkamlega, tilfinningalega og andlega. Hann segir:

„Petta er hennar erfiðasti tími.“

Í mars 2011 veiktist Guðrún skyndilega vegna sjaldgæfs æxlis sem hafði lagst á sjóntaugar hennar og augu, og var meinið fjarlægt að hluta með neyðaraðgerð. Þó að veikindin væru slæm, var meinið viðráðanlegt.



Árið 2016 tók meinið sig upp aftur og var aftur fjarlægt með skurðaðgerð, æxlið sem var fjarlægt var greint sem krabbamein. Mánudí síðar var Guðrúnu vísað til meðferðar hjá Bascom Palmer Eye Institute í Miami í Florida. Þar var úrskurðað að meinið væri

enn að vaxa og Guðrún hefði misst sjón á öðru auga. Meðferð sem ráðlögð var fólst í að fjarlægja, erfið en nauðsynleg meðferð.

„Guðrún eins og hún hefur gert með allar áskoranir lífsins áður, gekkst undir aðgerðina, á sama tíma og hún hugsaði um fjölskyldu

sína af miklum móðurkærleik. Hún hélt áfram að sinna fjölskyldu sinni og störfum sínum til að geta séð fyrir fjölskyldu sinni.“

Eins og algengt er um aðgerðir af þessum toga, þá eru allar rannsóknir og meðferðir bæði kostnaðarsamar og hafa áhrif á daglegt líf, þrátt fyrir að þær séu nauðsynlegar.

Í nóvember 2017 sýndu myndatökur tvo dökka bleti á lungum Guðrúnar. Sýni leiddu í ljós að blóðflagnafæð (e. Metastatic melanoma) hafði þróast og voru Guðrúnu gefnar litlar líkur á bata. Guðrún gekkst undir fjölda ónæmisméðferða, sem gerðu hana mjög veika og dvaldi hún á spítala í lengri tíma. Vann hún eins mikið og hún gat, enda fyrirvinna sinnar fjölskyldu.

Meinvörp fundust einnig í lungum og lifur og ónæmisméðferð hætti að vera raunhæfur kostur. Guðrún leitaði nýrra meðferða og var nýlega samþykkt í rannsókn

í Pittsburg í Pennsylvaníu. Þar er hún nýbyrjuð í nýrri og róttækri krabbameinslyfjameðferð, sem er talin besta vonin til lækningar. „Fjárhagsáhyggjur eru miklar og þarfir fjölskyldunnar eru Guðrúnu mjög mikilvægar. Hún hefur þurft að ferðast mikið meðan meðferð hennar hefur farið fram og það er augljóst af hverju við erum að biðja um fjárhagslegan stuðning við ótrúlega fjölskyldu hennar. Þeir sem þekkja Guðrúnu vel vita af ef hún getur ekki unnið þá fær hún engar tekjur.“

Við biðjum ykkur um að biðja fyrir bata Guðrúnar, og biðja barnunum hennar og föður þeirra. Þakkið til þeirra sem þegar eru að biðja fyrir henni, bata hennar og fyrir fjölskyldu hennar. Fyrirfram þakkið til allra þeirra sem geta látið eitthvað af hendi rakna. Guðrún er ykkur svo þakklát!“

Söfnunina má finna inn á Gofundme.com: Miracles for Gunna. ■

GIMLI
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



LANGHOLTSVEGUR 19, 104 REYKJAVÍK
42.900.000 kr.

| | |
|----------|-------------------|
| Tegund | Fjölbýli |
| Stærð | 97 M ² |
| Herbergi | 4 |



SÆVIÐARSUND 29, 104 REYKJAVÍK
43.900.000 kr.

| | |
|----------|-------------------|
| Tegund | Fjölbýlishús |
| Stærð | 86 M ² |
| Herbergi | 3 |



LÆKJARSMÁRI 4, 201 KÓPAVOGUR
55.900.000 kr.

| | |
|----------|--------------------|
| Tegund | Fjölbýlishús |
| Stærð | 109 M ² |
| Herbergi | 4 |



irc.is



Starfsmenn frá Bretlandi

Allir starfsmenn BKG koma frá Bretlandseyjum og tala Ensku fyrir móðurmál.



Fullkomið gegnsæi

Við bjóðum notandafyrirtækjum fullkomið gegnsæi varðandi launagreiðslur.



Réttindi

Allir starfsmenn hafa viðeigandi réttindi til að starfa í Íslandi

Stefán og Örn Dvelja í Gistiskýlinu.



Bundinn við hjólastól en þarf að dvelja í Gistiskýlinu

■ Ekkert frelsi og ekkert einkalíf ■ Öllu stolið ■ Fólk stimplað

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Gistiskýlið við Lindargötu hefur verið til umræðu undanfarna mánuði. Í apríl síðastliðnum greindi DV frá gríðarlegri óánægju starfsfólks með vinnustaðinn og einn þeirra, Tómas Jakob Sigurðsson, sagði að sprautufíklar hefðust þar við eftir að skaðaminnkunarstefna borgarinnar var tekin upp fyrir tveimur árum síðan. Sérstök neyslurými væru á salernum staðarins. Þessu fylgi álag, ofbeldi og öryggisleysi.

Þeir sem leita til skýlisins eru líka óánægðir. DV ræddi við tvo menn, Stefán Stefánsson og Örn Sigfússon, sem hafa þurft að gista í Gistiskýlinu en sá fyrnefndi er bundinn við hjólastól. Mennirnir voru nýbúnir að skrá sig inn í

Gistiskýlið eins og þeir þurfa að gera á hverjum degi.

Ekkert frelsi

„Það eru nú mánuðir síðan ég lét Féló vita af húsnæðisvanda mínum og ég er núna búinn að vera í tvær vikur í Gistiskýlinu,“ segir Stefán, 38 ára, sem greindist með MS sjúkdóminn fyrir um tíu mánuðum. Hann herjar mjög hratt á Stefán og eftir aðeins fjóra mánuði var hann kominn í hjólastól.

Hvernig er aðstaðan þarna?

„Hún er ekki góð, eiginlega eins og að vera í helvíti.“

Örn, 61 árs, hefur verið töluvert lengur í húsnæðisvanda og að eigin sögn hefur hann staðið í stappi við „félagsmálalabatterið“ í 35 ár. Um Gistiskýlið segir hann: „Þetta er ruslahaugur, það er verið

að losa sig við vandamál. Og með því sama eru þeir að búa til meira vandamál.“

Stefán segir að það að þurfa að leita til Gistiskýlisins sé eins og að fara í fangelsi, frelsið sé ekkert.

„Það er lítið á mann sem þriðja flokks manneskju og allt ákveðið fyrir mann. Núna skaltu vakna, núna skaltu borða, núna skaltu sofa.“

Sem dæmi þá kom nýlega sjónvarp á staðinn en það er aðeins kveikt á því í fimm tíma á sólarhring. Nettenging er á staðnum en hún er aðeins fyrir starfsfólkið.

„Fyrstur kemur, fyrstur fær“

Líkt og hjá Gaflörunum á kreppuárunum þá er veðmál um hverjir komast inn. Klukkan 16 er hægt að skrá sig og þá er hleypt inn en röðin byrjar klukkan 15. 25 pláss eru á

staðnum og allt að 50 manns komast ekki að. „Fyrstur kemur, fyrstur fær,“ segir Stefán.

Færð þú einhvern forgang í ljósi þinna veikinda?

„Nei,“ segir Stefán. „Og hann er settur í versta herbergið,“ segir Örn. „Herbergi númer 401, þar sem er veikt fólk, sem skítur og mígur á sig. Fólk sem er samt ekki í dópi.“

Jafnframt segist Stefán ekki fá neina aðstoð, þó hann sé bundinn við stólinn.

„Ég þarf að fara tvisvar, þrisvar í viku upp á spítala í sterasprautur. Síðan er ég er alltaf að meiða mig og brjóta mig eitthvað, til dæmis á höfuðkúpu og fingrum. Ég er alltaf að detta því ég hef svo lítið jafnvægi.“

Hvað gera þeir sem ekki komast inn?

Örn segir: „Þá verða þeir að gjöra svo vel að finna sér upphitað bílastæðahús eða reyna að komast inn til einhvers. Sumir hafa getað farið í einhverjar kjallarakompur hérna í bænum.“

Hægt er að fara út aftur en eftir að hafa skráð sig inn klukkan 23 er hætta á að missa plássíð. Öllum er síðan vísað burt klukkan 10 á morgnana. Örn segir:

„Manni er skipað á bás. Það eru sex manns í hverju herbergi. Einn gluggi er í herbergi, 20 sinnum 40 sentimetrar að stærð. Það er öll loftræstingin fyrir sex viðrekandi menn og lyktin eftir því.“

Klósettið eina einkarýmið

Fyrir utan að horfa á sjónvarp er dægurvölin engin. Einkalífið er heldur ekkert og mönnum er bannað að vera með konum á ▶

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

Castello
PIZZERIA

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



Við sérhæfum okkur í heildarlausnum á leik og íþróttasvæðum.

Útileiktæki, girðingar, fallvarnarefni, gervigras, gúmmíhellur, gúmmí-grasmottur, gúmmíyfirborð-tartan, hjólabrettarampar, sparkvellir, mörk, körfur, bekkir, útigögn o.fl.

**Fjöldi umboða og einnig breið vörulína úr endurunnu plasti
Innflutningur, sala, þjónusta, viðhald og uppsetningar.**



Bændur og búalið, athugið.

Plastrimar í fjárhúsgólf, nótuð plastborð í milligerði, bása og drenmottur og ýmislegt.

Jóhann Helgi Hlökkversson - Skróðgarðyrkjumeistari
jh@johannhelgi.is - www.johannhelgi.is - Sími 5651048 - 8208096

staðnum. Ef menn þurfa að tala saman í einrómi þurfa þeir að fara á klósett. En samkvæmt fyrri frétt DV eru það einmitt neyslurým.

„Þeir sem ekki nota fíkniefni eru leiddir inn á þá braut í Gistiskýlinu, hægt og rólega,“ segir Örn.

Fjallað hefur verið um ofbeldi á staðnum og Örn tekur undir það.

„Þarna er til dæmis einn maður með þá áráttu að kveikja í. Annar að brjóta flöskur, hann elskar að heyra brothljóðin. Maður sér ýmis sjúkleg einkenni á þessum stað en þessu er öllu hrúgað á sama stað. Eins og þetta sé félagsleg rannsókn. Síðan er líka stundað andlegt ofbeldi og ógnanir þarna inni, sem er jafnvel verra en að verða fyrir barsmíðum.“

Þá segir Stefán að ávallt sé þessi yfirvofandi hættu á að verða hent út.

„Þú verður að passa þig á því hvað þú segir, þér gæti verið vísað út á gaddinn.“

Öllu stolið

Þjófnadur er einnig vandamál í Gistiskýlinu. Mennirnir fá stóra plastbala sem þeir geta geymt eigin sínar í, nokkrar vikur í senn. Þeir eru síðan læstir inn í

geymslu og aðeins starfsfólk er með lykla, en munir hafa samt horfið úr þeim. Einnig eru læstir skápar á skrifstofunni fyrir smáhluti. Símar, tölvur, föt og hvaðeina. Reglum um geymslu er breytt eftir hentugsemi. Stefán segir:

„Það er eiginlega regla að ef eitthvað er ekki bundið niður þá er því stolið. Það er ekki hægt að vera öruggur með neitt. Þú verður að sofa ofan á öllu sem þú getur, hafa síma og veski undir koddanum. Ef maður nær að sofna yfirhöfuð, sem er ekki alltaf raunin. Persónulega svaf ég í einn klukkutíma í nótt. Flestir sofa lítið sem ekkert þarna inni.“

Örn segir:

„Ég fékk að geyma sex plastpoka af alls konar dóti en einn daginn fundust þeir ekki. Nokkru síðar fundust þeir á annarri hæð en þeir höfðu verið geymdir á, það var búíð að binda fyrir þá á annan hátt en ég hafði gert og búíð að taka úr þeim. Ég þurfti síðan að fara upp á spítala og þegar ég kom aftur voru þeir hornfir. Í pokunum voru öll persónuleg skrif mín, bæði í bókarmynd og persónuleg bréf. Til dæmis það sem ég skrifaði á mínum flækning um Indland og Sri Lanka. Minningar og myndir. Allt horfið.“

Erfið bið

Stefán hefur verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði, bæði hjá borginni og hjá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Hann segist hafa fengið samþykki en síðan gerist ekkert.

„Það er ekkert að losna. Ég er búinn að bíða í níu mánuði og vítað var allan tímann að ég var að missa leiguhúsnæðið á frjálsum markaði og um ástand mitt.“

Hafa ber í huga að samkvæmt 9. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með

langvarandi þjónustuparfir segir:

„Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu.“

Samrýmist staða þín reglum um málefni fatlaðs fólks og NPA reglugerðinni?

„Nei. Ég sótti meira að segja um húsnæðishjálp, til að þrifa og þess háttar. Mér var sagt að það tæki því ekki því að ég væri að missa húsnæðið.“

Stimpill kerfisins

Sigurlaug Guðný Ingólfsdóttir og Garðar Ottesen hjá Kærleikssamtökunum hefur aðstoðað menn sem hafa þurft að leita til Gistiskýlisins. Það eru menn með alls kyns vanda, svo sem húsnæðisvanda, eiturfjafíkn, alkóhólisma, spilafíkn, geðræn vandamál og önnur veikindi. Hún segir:

„Það er engin aðstoð í boði þarna fyrir utan að þeir geta farið inn á Vog og kannski Vík. Svo tekur það sama við, eilíf hringrás. Kerfið núna er þannig að VOR-teymið svokallaða, vettvangs- og ráðgjafateymi, fer um og spyr einstaklinga hvort þeir þurfi á aðstoð að halda. Ef þeir gefa eitthvað upp eru þeir sjálfkrafa flokkaðir sem fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir, áður utangarðs, en það er ekki skilgreint hvað hægt sé að gera fyrir viðkomandi. Engar lausnir, eins og fólk viti ekki hvað þetta þýðir. Þetta er ákveðinn stimpill og kemur niður á fólk í kerfinu, til dæmis þegar kemur að húsnæðisurræðum á vegum borgarinnar. Það er verið að ákveða hvaða vandamál fólk er með án þess að kynna sér það til hlítar. Engin læknisvottorð eða neitt.“

„Hjá félagsþjónustunni í Breiðholti var mér eitt sinn sagt að ég væri dúpisti og ætti að fara í Gistiskýlið,“ segir Stefán. „Ég hef aldrei snert dóp á ævinni.“

Þá segir Sigurlaug að hún hafi unnið með fólk sem hafi verið sent í meðferð jafnvel þó það hafi ekki haft þörf fyrir það. „Það virðist sem vilji sé til staðar til að leysa heimilisvanda Ís-



Örn Sigfússon
Öllum persónulegum skrifum stolið.



Stefán Stefánsson
Greindist með MS fyrir tlu mánuðum.

lendinga þó formið sem þeir leggja fram virki ekki fyrir alla. Þetta er annað hvort misskilningur eða hreint skilningsleysi á vanda þeirra einstaklinga sem annars vegar eru eingöngu heimilisláusir og hins vegar eru heimilisláusir og með geðrænan- og/eða fíknivanda. Sama hvað Kærleikssamtökin og einstaklingarnir sjálfir hafa reynt að koma þessu atriði á framfæri þá virðist lítil áhugi á að skerpa á vinnubrögðum, nálgun og aðferðarfræði til þess að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur hverju sinni.“

Plástrar duga ekki

Kærleikssamtökin hafa einblítt á málefni heimilisláusra frá því í desember 2017. Hafa þau aðstoðað einstaklinga á tjaldsvæðinu í Laugardal, í Víðines, í Gistiskýlinu, í gámunum úti á Granda og einstaklinga á götunni. Auk þess hafa samtökin setið allmarga fundi með borgarfulltrúum, yfirmönnum á velferðarsviði og ÍTR.

„Við höfum unnið með þeim að ýmsum málum sem snerta aðstæður og stöðu einstaklingana, rætt vinnuaðferðir, lagt fram upplýsingar, ráðleggingar og lausnir,“ segir Sigurlaug. „Það sést að þær lausnir sem er verið að nota hjá sveitarfélögum skila litlu. Hindranir í kerfinu, svo sem ónæg heilbrigðis-, félags- og húsnæðisþjónusta viðhalda víthringnum sem heimilisláusir eru fastir í og ýta í mörgum tilfellum undir aukna neyslu og vonleysi. Kærleikssamtökin hafa bent á það sem er að og það sem einstaklingarnir upplifa sem andlegt ofbeldi og jafnvel andlega nauðgun, einelti og afar neikvæða framkomu í sinn garð.“

Að hennar mati eru stefnu-breytingar í stjórnmalunum eitt helsta vandamálið og hún bendir á að samkvæmt álitni Umboðsmanns Alþingis frá 2016 uppfylli reglur sveitarfélagana ekki lög um félagsþjónustu. Erlendir einstaklingar sem leita hingað hafi töluverðan forgang, samanber samning borgarinnar við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Samtökin hafa lagt fram beiðni um samstarf við borgina og samkvæmt Sigurlaugu stendur hún enn. Þegar hafa samtökin fundað með minnihlutunum en meirihlutinn ekki enn orðið við beiðninni.

„Kærleikssamtökin eru með prógram sem byggir á lausnum, sem er hægt að nota bæði sér og samhliða öðrum úrræðum. Til að ná fram lausn þá verður að taka jafnt á húsnæðisvanda, að byggja fólk aftur upp og skapa fjárhagslegan stöðugleika. Fókusinn okkar er að laga og leysa hindranir en

aðferðir sveitarfélaga eru að setja plástur á ástandið í stað þess að bera sína ábyrgð samkvæmt lögum eins og þeim ber skylda til. Við erum bjartsýn og vitum hvernig á að leysa núverandi stöðu heimilisláusra með því sem er til staðar, það er með húsnæði og fjármagni.“

Undantekning að fatlaðir leiti til Gistiskýlisins

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hefur umsjón með Gistiskýlinu. Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir deildarstjóri ræddi við DV.

Hvernig samrýmist það lögum um réttindi fatlaðs fólks og NPA reglugerð að maður bundinn við hjólastól þurfi að leita til Gistiskýlisins á hverjum degi og fái enga aðstoð?

„Við getum ekki af persónuverndarástæðum upplýst um samskipti og stuðning við viðkomandi einstakling en í sambærilegum málum er leitast við að kynna einstaklingum rétt sinn og aðstoða á allan hátt við að fá þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast. Einstaklingar eru aðstoðaðir við að fá inni á gistiheimili og er boðinn stuðningur en viðkomandi einstaklingur verður að vilja þiggja þá aðstoð sem við bjóðum. Það heyrir til algjörra undantekninga að fatlaðir einstaklingar leiti til Gistiskýlisins.“

Teljjið þið að frelsi einstaklinga sé nægt í Gistiskýlinu?

„Gestir Gistiskýlisins eru beðnir um að sýna öðrum gestum tilfyllssemi og halda nætur“ segir Hrafnhildur Ólöf. „Vegna opunarátta Gistiskýlisins verðum við að biðja gesti um að yfirgefa skýlið klukkan 10 á morgunanna. Hægt er að koma með mat með sér og borða í matsal á þeim tímum sem matsalurinn er opin.“

Við DV sögðu bæði Stefán og Örn hins vegar að ekki mætti taka mat með sér inn.

Er öryggi eigna fólks tryggt á staðnum?

Hrafnhildur segir: „Við reynum að tryggja öryggi eigna fólks með því að bjóða gestum upp á læsta skápa, en það eru ekki allir gestir tilbúnir að nýta sér þann möguleika.“

Hvað varðar plássleysi og skort á einkalífi segir hún:

„Aðsóknin á gistingu í Gistiskýlinu er mjög mikil en skýlið er það eina sinnar tegundar á Íslandi og ekkert annað sveitarfélag rekur slíka starfsemi. Vegna aðsóknarinnar var fleiri dýnum bætt við tímabundið en unnið er að standsetningu á öðru neyðarskýli og verður það vonandi tilbúið til notkunar í haust.“ ■



Sigurlaug Dröfn Ingólfsdóttir
hjá Kærleikssamtökunum.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Lúxussiglingar með VITA

Ógleymanlegt ævintýri - láttu drauminn rætast



Miðjarðarhafid og Gibraltar



Drykkja-
pakki er
innifalinn.

Celebrity Silhouette

Southampton | Gibraltar | Marseille | Flórens | Róm |
Korsíka | Barcelóna | Lissabon

Verð frá **609.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjórar eru Karl Rafnsson og Svanhildur Daníelsdóttir

6. - 22. SEPTEMBER 2019

Adríahaf og Miðjarðarhaf



Drykkja-
pakki er
innifalinn.

Celebrity Constellation

Feneýjar | Split | Dubrovnik | Sikiley
Malta | Palma | Ibiza | Valencia | Barcelóna

Verð frá **619.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjóri er Kristinn R. Ólafsson

10. - 24. SEPTEMBER 2019

San Fransisco til Chile



NÝ
SIGLING!

Celebrity Eclipse

San Fransisco | Los Angeles | Mexíkó | Kosta Ríka
Ekvador | Perú | Chile

Verð frá **749.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson

15. NÓVEMBER - 9. DESEMBER 2019

Spánn, Ítalía og Mónakó



Drykkja-
pakki er
innifalinn.

Celebrity Edge

Róm | Napolí | Palma | Barcelóna | Mónakó |
Santa Margherita, Flórens

Verð frá **659.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjóri er Laufey Jóhannsdóttir

8. - 22. OKTÓBER 2019

Kína, Suður-Kórea og Japan



Drykkja-
pakki er
innifalinn.

Celebrity Millennium

Shanghai | Beijing | Seoul | Jeju Island | Kobe | Mt. Fuji |
Tokyo

Verð frá **759.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjóri er Gunnhildur Gunnarsdóttir

23. OKTÓBER - 11. NÓVEMBER 2019

Austur- Karíbahaf



Symphony of the Seas

Orlando | Miami | ST. Kitts & Nevis |
St. Thomas | Bahamas

Verð frá **359.900** kr.

Á mann í klefa með svölum.

Fararstjóri er Lára Birgisdóttir

14. - 26. NÓVEMBER 2019

Verð eru á mann í tvíþýli. Verð lækkar um 10.000 krónur ef 12.500 Vildarpunktur eru notaðir. Innifalið í ferðunum er: Flug, gisting með morgunverði fyrir og eftir siglingu, sigling með fullu fæði og afþreyingu um borð. Ferðir fyrir og eftir siglingu og íslensk fararstjórn.



VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



„Á bak við hvert andlát eru ótal mörg líf í sárum“

Fjölskylda Einars Darra og vinir fræða fólk um misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Aðstandendur Minningarsjóðs Einars Darra hafa nú í tæpt ár staðið að átakinu Ég á bara eitt líf. Minningarsjóðurinn var stofnaður af ættingjum og vinum Einars Darra Óskarssonar, sem lést 18 ára gamall þann 25. maí 2018.

Nýlega fóru foreldrar hans, Bára Tómasdóttir og Óskar Vídalín, systur hans, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Aníta Rut Óskarsdóttir, auk vinkonu þeirra, Sigrúnar Báru Gautadóttur, á ráðstefnu í Bandaríkjunum og hér segir Andrea Ýr frá henni og því sem þjóðarátakið Ég á bara eitt líf hefur skilað á einu ári.

Greinarmunur á notkun og misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja

„Misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum er nokkuð nýr vinkill, sem lítið hefur verið í umræðunni er varðar vímuefni en við teljum mikilvægt að við tölum um þetta málefni og tökumst á við það líkt og málefni er varða önnur vímuefni. Við, sem stöndum að þjóðaráttakinu, Ég á bara eitt líf, höfum virkilegar áhyggjur af þessum málaflokki og hafa aðrir aðilar tekið undir það með okkur sem þekja til málsins, til að mynda í sínum störfum. Við leggjum mikla áherslu í öllu okkar starfi á að uppfærða fólk um að notkun og misnotkun lyfja er tvennt ólíkt og hefjum við því öll okkar erindi á því að skilgreina hvað misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum er. Þjóðfélagið í heild verður að gera greinarmun þarna á milli og það er mikilvægt að við



Á ráðstefnu Sigrúnar Báru, Bára, Andrea Ýr, Óskar og Aníta Rún á ráðstefnunni.



Einar Darri

fræðum unga sem aldna um þann mun, bæði til að þekking sé til staðar um áhættuna við misnotkun en líka til að fólk sem þarf að taka lyf og gerir það samkvæmt læknisráði sé ekki að upplifa að það sé að gera eitthvað rangt, enda er þá um að ræða notkun, ekki misnotkun,” segir Andrea Ýr. Ef neysla lyfseðilsskyldra lyf-

ja felur í sér að einstaklingur innbyrðir af ásettu ráði stærri skammtastærð en lagt er til, neytt er lyfja til að upplifa sæluástand (e. euphoria) eða neytt er lyfja sem viðkomandi hefur ekki fengið uppáskrifad sjálfur, þá er talið að um sé að ræða misnotkun á lyfseðilsskyldu lyfi (National Institute on Drug Abuse, 2018).

Samfélagið sem heild þarf að hlúa að samfélagsvanda

„Við, með stuðningi þjóðarinn-

ar, höfum nú þegar áorkað miklu á stuttum tíma og sjáum við jákvæða þróun og breytingar í samfélaginu. Við eigum þó langt í land og teljum við að Ég á bara eitt líf-átakið geti gert margt en í sameiningu getum við gert svo miklu meira og lítum við á það sem svo, að það þurfi heilt samfélag til að hlúa að samfélagsvanda, líkt og við teljum misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum og öðrum fíkniefnum vera.“

Þjóðarátakið Ég á bara eitt líf felur í sér mörg mismunandi verkefni, allt frá almennri vitundarvakningu sem hefur hinar ýmsu birtingarmyndir, myndbandsgerð og uppfærðsluerindi fyrir alla aldurshópa þar á meðal í grunn- og framhaldsskólum landsins.

„Til að geta unnið okkar verkefni eftir bestu getu þá er það okkur virkilega mikilvægt að afla okkur stöðugt nýrrar þekkingar, vera í takt við hraða þróun í nútímamfélagi með því að fylgjast með nýjum rannsóknum, nýjum aðferðum sem gætu nýst í okkar starfi, sem og að vera opin fyrir breytingum með breyttum aðstæðum og áskorunum. Allt okkar starf er unnið með kærleika og samstöðu að vopni, við byggjum það á rannsóknum, áliti ungmenna sem og sérfræðinga, höldum fast í metnaðinn og ástríðuna en höldum reiðinni frá.“

Aukin þekking á fjögurra daga ráðstefnu

Fimmmenningarnir ákváðu að efla þekkingu sína frekar með því að fara á The Rx Drug Abuse & Heroin Summit (Misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja og heroíns, ráðstefna/leiðtogafundur) í Atlanta í Bandaríkjunum, sem haldin var í apríl síðastliðnum.

The Rx Drug Abuse & Heroin Summit er ráðstefna/leiðtogafundur sem nýttur er sem samráðsvettvangur varðandi málefni er varða misnotkun á lyfseðils-

Við komumst ekki í þetta ástand á einni nóttu og við leysum þetta ekki á einni nóttu“

skyldum lyfjum og öðrum fíkniefnum. Viðburðurinn er ætlaður öllum sem málið varðar, er þverfaglegur og leitast við að finna lausnir í sameiningu. Einblínt er á hvað er að virka í forvörnum og meðferð. Ráðstefna þessi er haldin árlega og var hún fyrst haldin árið 2012 undir forystu Operation UNITE og þingmanninum Harold „Hal“ Rogers, en hann missti son sinn vegna misnotkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum. Um er að ræða fjögurra daga ráðstefnu, með hinum ýmsu fyrirlesurum víðsvegar að og yfir 3000 ráðstefnugestum (<https://www.rx-summit.com/>).

„Við einblíndum á það á ráðstefnunni að afla okkur þekkingar um samfélagslega vitundarvakningu, átök og forvarnir/fræðslu, það er að segja við sóttumst í að mæta á fyrirlestra þar sem þau málefni voru tekin fyrir. Við lögðum upp með það markmið að kortleggja hvað aðrir væru að gera og hvernig verkefni, bæði hvað varðar vitundarvakningu og forvarnir, sem hafa borið árangur. Við gerðum okkur þó ekki fyrirfram grein fyrir hversu gríðarstór þessi vettvangur væri og hversu mikið tengslanet við myndum enda á því að byggja upp,” segir Andrea Ýr.

Verkefni sem verður ekki leyst á einni nóttu

Ráðstefnan er byggð upp þannig að viðkomandi velur þá fyr- ▶

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

SÓFADAGAR

MIKIÐ ÚRVAL SVEFNSÓFAR – LEDURSÓFAR – HORNSÓFAR O.FL.

10-50% afsláttur



Hornsófi hægrri eða vinstri
Verð nú 199.920 kr.



Malmö hvíldarstóll
Verð nú 59.415 kr.



Stockholm hvíldarstóll
Verð nú 59.940 kr.



Verð nú 159.415 kr.



Verð nú 49.950 kr.



Verð nú 34.950 kr.



Verð nú 44.950 kr.



Verð nú 245.415 kr.

vefverslun svfnogheilsa.is



Svefn & heilsa

★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

Pekking í þína þágu

Menntastoðir – fjarnám

— Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.

Kjörorð Menntastoða MSS eru:

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

Ummæli nemenda:



Særún Lúðvíksdóttir

Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.



Ari Freyr Skúlason

Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumenskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.



Jógakennaranám – NÝTT á Suðurnesjum

MSS býður nú 200 klukkustunda jógakennaranám í fyrsta sinn á Suðurnesjum. Áhersla lögð á verklega kennslu og góðan undirbúning fyrir starf jógakennara að loknu námi. Námið er viðurkennt af jógakennarafélagi Íslands.

Kynningarfundur fimmtudaginn 6. júní kl. 17:30.



Leiðsögunám – Reykjanes

Leiðsögunámið er 22 eininga nám þar sem kenndar eru kjarnagreinar í ferðaþjónustu ásamt svæðisbundinni leiðsögn um Reykjanesið. Markmið er að þátttakendur öðlist almenna þekkingu við leiðsögn með ferðamenn og hafi sérmenntun á sviði leiðsagnar um Reykjanesið.

Nánari upplýsingar og skráning á mss.is



irlestra sem hann hefur áhuga á því að sitja, einnig var salur með básum þar sem starf annarra aðila var kynnt, allt frá forvörnum til meðferðarúrræða. Hópurinn og þá sérstaklega Andrea, sem er mastersnemi í heilbrigðisvísindum með áherslu á geðheilbrigði og sérhæfir sig í misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum, var fljótur að heillast af hugmyndinni að sitja eins marga fyrirlestra og hann mögulega gat og drekka í sig vítenskju en það sem kom þeim einna helst á óvart voru ekki fyrirlestrarnir sjálfir heldur básarnir en þeir gáfu hópnum ekki síður þekkingu en fyrirlestrarnir.

„Á básunum sáum við hvað aðrir voru að gera og áhugavert var að sjá að önnur erlend félög voru með verkefni í gangi sem mörg hver líktust okkar átaki að einhverju leyti, þau verkefni höfðu þó öll verið lengur í þróun og framkvæmd. Við enduðum á löngum og innihaldsríkum samtölum við sérfræðinga, aðstandendur og aðra sem þekkja til málefnsins og við uppfæddum okkur eins og við gátum. Allir voru tilbúnir til að aðstoða okkur, veita okkur þekkingu og deila með okkur þeirra reynslu, kennsluefni og svo framvegis. Þvílík samstaða sem maður fann og maður upplifði að við öll værum að vinna að sama markiði, það er að segja að sporna við og draga úr misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja og annarra fíkniefna. Hvernig fólk vann að því markiði, á hvaða þjónustustigi fólk



„Ég á bara eitt líf og þú líka“

Armbönd átaksins Aníta Rún og Óskar með armbönd átaksins LJÓSMYND: DV/HANNA

vann, eða eftir því hvaða aðferðafræði það vann eftir, skipti ekki máli og flokkaði fólk ekki niður heldur voru allir þarna til að læra og sjá hvernig hægt væri að mynda samráð sín á milli. Það fékk okkur líka til að hugsa hversu mikilvægt það er að við Íslendingar stöndum saman, við höfum nú þegar

sýnt gríðarlega samstöðu og var það eitt af því sem fólk hjó eftir og dæðist að þarna úti, hversu mikil samstaða varð með Ég á bara eitt líf-þjóðaráttakinu á svona stuttum tíma. En betur má ef duga skal því við eigum verk að vinna og eins og Dr. Frances S. Collins, forstjóri National Institutes of Health, sagði á ráðstefnunni: „Við komumst ekki í þetta ástand á einni nóttu og við leysum þetta ekki á einni nóttu. Þarna þarf „allar hendur á þilfar og brettum upp ermar“-verkefni.“ Þetta á algjörlega við um þann samfélagsvanda sem við stöndum frammi fyrir hér á Íslandi. Við getum ekki setið og horft á allar þær birtingarmyndir sem misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum og öðrum fíkniefnum er að skilja eftir sig; dauðsföllin, bíslslys, geðrænu vandkvæðin og svo framvegis. Því miður hefur þetta ástand ágerst hratt og farið fram úr okkur, tíminn er ekki að vinna með okkur og þurfa handtökin því að vera snögg en áreiðanleg,“ segir Andrea Ýr.

Hópurinn þegar farinn að nýta hugmyndir frá ráðstefnunni

Hópurinn segir erfitt að segja í stutt máli hvað stóð uppúr á ráðstefnunni en er sammála um að nokkur áhersluatriði beri af: Samstaða, kærleikur, burt með skömm, tala um og viðurkenna vandann, langtíma átak og nýjar áskoranir þýða nýjar leiðir.

„Verkefnin sem vöktu einna helst áhuga okkar, voru margvísleg og erum við nú þegar að nýta okkur hugmyndir úr þeim sem við munum mögulega innleiða í okkar starf. Í einum fyrirlestri á ráðstefnunni var farið yfir helstu forvarnarverkefnin þar sem náðst hefur að draga úr misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum og öðrum fíkniefnum. Verkefnin hafa borið mismikinn árangur, eru margvísleg og fela í sér mismikinn kostnað. Þau verkefni sem sýnt hafa fram á virkni hvað varðar að dregið hafi úr notkun ólöglegra fíkniefna að undanskildu kannabis, voru Teen Intervene, Positive Action, Towards no drug abuse, Strengthening families og PROSPER.

Það vekur mikinn áhuga hjá okkur að sjá hvernig þessi ofangreindu verkefni eru unnin og getum við vel hugsað okkur að nýta eitthvað af þeirra gagnreyndu aðferðum en þar sem við erum að einblína á misnotkun á lyfseð-



Hreifst af verkefninu Andrea Ýr ásamt David Brian Laws sem missti dóttur sína 17 ára gamla. „Hann var svo heillaður af Ég á bara eitt líf þjóðaráttakinu og kraftinum í hópnum, að hann vill helst gera okkur af sendiherra fyrir Shatterproof.“

ilsskyldum lyfjum þá vildum við einnig afla upplýsinga um hvað virkaði varðandi þann málaflokk en þar sem slíkur vandi er ekki eins rótgróinn og notkun ólöglegra fíkniefna þá er ekki til eins mikið af verkefnum þar sem búið er að rannsaka virkni vísindalega. Við sáum þó efnileg verkefni, til að mynda Proper use of prescription drugs (Rétt aðferð við notkun lyfseðilsskyldra lyfja) sem er starf sem tekið er inn í skóla, sem inniheldur verkefni, myndbönd og fleira. Annað verkefni heitir This is not about drugs (Þetta snýst ekki um dóp) sem einnig vinnur með myndband/stuttmynd með leiðandi umræðum og verkefnum í kjölfarið,“ segir Andrea Ýr.

Samstarf og samstaða er lykilatriði

Andrea Ýr segir að hópnum hafi fundist áhugavert að sjá að gegnumgangandi í öllum átökunum, þar sem tekist hefur að draga úr misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum og öðrum fíkniefnum í ríkjum Bandaríkjanna, þá ríkti samstarf og samstaða milli fólks. Á það ekki einungis við innan samfélagsins, heldur einnig á milli þeirra sem unnu við málaflokkinn, það er að segja allt frá fræðslu/forvörnum til meðferðarúrræða og þá sér í lagi að löggæsla og töllyfivöld væru eld og að þau væru í góðu samstarfi við aðra aðila sem málið varðaði.

„Þau samfélagslegu vitundarvakningarátök, sem taka þó einnig að sér fræðslu/forvarnar, sem heilluðu okkur mest voru Fed Up! og Not my kid. Einnig voru ýmis meðferðarúrræði sem vöktu áhuga okkar, stuðningsúræði eftir meðferð og stóð þar upp úr batasamfélagssamtök (e. Recovery Community Organization) í fylkinu Kentucky sem kallast Voices of Hope (Raddir vonarinnar), nafnið eitt og sér gefur manni hlýju í hjartað. Við getum með engu móti talið upp öll þau verkefni sem gáfu og munu halda áfram að gefa okkur innblástur í okkar vinnu en ef áhugi er fyrir því að heyra meira um einstök verkefni, tókum við glöð á móti fyrirspurnum.

Þau frábæru verkefni sem við fengum að kynna í básunum og innsýnin inn í hverju þau hafa áorkað veitti manni von og staðfestingu á að við sem komum að áttakinu Ég á bara eitt líf erum á réttri leið hvað varðar okkar ver-

kefni. Eins og með öll verkefni, hvort sem það er innan félagasamtaka, ríkis, sveitarfélaga eða hvað annað þá getum við ekki staðið ein frekar en erlendu verkefni, mikilvægi þess að sem flestir leggi hönd á plóg og allir vinni saman verður aldrei ofmetið. Með þjóðaráttakinu einu þurrkum við ekki þennan vanda út, ekki frekar en önnur verkefni eða stofnanir en með því að standa saman og að allir leggist saman á árarar getum við öll haft áhrif og fundið svar við því hvernig við vinnum bug á þessum vanda. Enginn einn er með algilt svar um hvernig best er að vinna á þessum vanda og við sem stöndum að Ég á bara eitt líf erum allavega til í að vera með þeim fyrstu til að viðurkenna að við séum ekki með öll svörin en við teljum okkur þó hafa nokkuð mikið til málanna að leggja,“ segir Andrea Ýr.

Á bak við hvert andlát eru ótal mörg líf í sárum

Samkvæmt Ólafi B. Einarssyni hjá Embætti Landlæknis, eru staðfest 39 lyfjatengd andlát árið 2018, samanborið við 30 árið 2017.

„Eins og við segjum oft, þó við myndum einungis ná að bjarga einu lífi, þá væri öll okkar erfiðisvinna þess virði. Á bak við eitt líf er manneskja; sonur, dóttir, bróðir, vinur og svo framvegis, sem skilur eftir sig ótal mörg líf í sárum. Við sem stöndum að þjóðaráttakinu getum því miður ekki fengið dýrmætt líf Einar Darra okkar til baka en við getum lagt okkar af mörkum til að annar dýrmætur einstaklingur fái kannski tækifæri til að upplifa allt sem lífið hefur upp á að bjóða. Þetta er heldur betur þess virði að láta reyna á, það finnst okkur allavega og við efumst ekki um að þeir sem vinna í þessum málaflokki eru hjartanlega sammála okkur. Við viljum enda á að hrósa öllum þeim sem vinna í þessum erfiða málaflokki, sama hvort það er í forvörnum, stuðningi, meðferð, innan ríkis, sveita, samtaka eða annað. Við vonum að í sameiningu getum við fundið lausn.

Förum vel með þetta eina líf sem við eigum, hlúum að geðheilbrigði okkar og annarra, valdeflum okkur og aðra í kringum okkur með fræðslu og forvörnum, stöndum með þeim sem þurfa stuðning og aðstoð, styðjum þá sem náð hafa bata og leggjum okkur fram um að sýna hvort öðru virðingu og kærleika, það skiptir máli.“

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjódum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

ht.is

31. MAÍ - 9. JÚNÍ

KÆLIDAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KÆLISKÁPUM



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF KÆLISKÁPUM AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Whirlpool

BOSCH

SAMSUNG

SIEMENS

Husqvarna

LG

scn
domestic

ELVITA

Electrolux

beko



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTADIR · HÚSAVÍK · AKRANES



Rétt-
arhöldin
Niels Högel
huldi andlit
sitt.

Þýski hjúkrunarfræðingurinn myrti allt að 300 sjúklinga

Af hverju brugðust samstarfsmenn hans ekki við?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þegar Niels Högel hóf störf á gjörgæsludeild Delmenhorst sjúkrahússins í Þýskalandi fékk hann góð meðmæli hjá fyrverandi vinnuveitanda sínum. Hann var sagður maður sem starfaði „sjálfstætt og samviskusamlega“. Þegar mikið lá við var hann sagður bregðast við af „yfirvegum“ og ekki nóg með því viðbrögð hans væru „tæknilega rétt“. Þetta voru meðmælin frá sjúkrahúsi í Oldenburg þar

sem hann hafði starfað. Í þeim var ekki minnst einu orði á að stjórnendur sjúkrahússins voru fullir grunsemda vegna þess hversu margir sjúklingar létust þegar Högel var á vakt. Þeir minntust heldur ekki á að honum hafði verið bannað að umgangast eða koma nærri sjúklingum og að hann hafði í raun verið þvingaður til að hætta störfum á sjúkrahúsinu.

En Niels Högel var ekki allur þar sem hann var séður þrátt fyrir góð meðmæli og meinta getu til að bregðast hratt og örugglega við þegar erfiðar aðstæður komu upp.

Hann hefur játað að hafa myrt marga sjúklinga og talið er hugsanlegt að hann hafi myrt allt að 300. En af hverju komu vinnufélagar hans og yfirmenn ekki í veg fyrir að hann gæti haldið morðæðinu áfram? Af hverju fékk þessi stórtæki raðmorðingi að leika lausum hala svona lengi? Allt þetta aðgerðarleysi gerði að verkum að hann er einn af stórtækustu raðmorðingjum sögunnar.

Fljótlega eftir að Högel hóf störf á sjúkrahúsinu í Delmenhorst vöknudu ákveðnar grunsemdir þar. Tæpum fjórum mánuðum eft-

Hvað þarf að gerast til að Þjóðverjar rétti úr sér og beiti athyglisgáfunni?

ir að hann hóf störf þar lést Brigitte A. á meðan hún var í hans umsjá. Fljótlega fylgdu fleiri í kjölfarið, þar á meðal Hans S., Christoph K. og Joseph Z. Þýskir fjölmiðlar nota bókstaf í staðinn fyrir fullt eftirnafn þeirra til að brjóta ekki gegn lögum um friðhelgi einkalífsins og þess vegna birtast nöfnin hér með þessum hætti.

Talið er að Niels Högel, sem nú er 42 ára, sé sá raðmorðingi sem hefur flest mannlíf á samviskunni og er þá átt við morð á friðartímum um allan heim. Þýsk yfirvöld telja að hann hafi hugsanlega myrt allt að 300 sjúklinga á fyrstu fimm árum þessarar aldar. Þetta mat er byggt á tíu ára rannsókn og uppgreftri og rannsóknum á rúmlega 130 líkum í Þýskalandi, Pólandi og Tyrklandi. Högel hefur játað að hafa myrt 43, hefur ekki vísað því á bug að hann hafi myrt 52 til viðbótar en þvertur fyrir að hafa myrt 5 aðra. Hann hefur nú þegar verið sakfelldur fyrir morð á tveimur sjúklingum og fyrir hlutdeild í andlátum tveggja annarra. Saksóknarar hafa ákært hann fyrir 101 morð að auki og krefjast þess að hann verði dæmdur í lífstíðarfangelsi til viðbótar því lífstíðarfangelsi sem hann hefur nú þegar verið dæmdur í.

Óþægilegar spurningar vakna

Fjöldi morðanna og ekki síður sá tími sem leið þar til grunsemdir vöknudu um það sem hann gerði, hafa vakið óþægilegar spurningar í Þýskalandi. Ein sú viðkvæmasta er hvort það sé virðing Þjóðverja fyrir

ir röðun í valdastiga og ást þeirra á verkferlum, sem gerði nasistum kleift að vinna óhæfuverk sín, sem hafi gert Högel kleift að stunda dráp svona lengi.

„Ef það getur gerst að hægt er að sópa rúmlega 300 dauðsföllum á 15 árum undir gólfteppið, hvað fleira er þá hægt að gera? Hvað þarf að gerast til að Þjóðverjar rétti úr sér og beiti athyglisgáfunni?“

Þetta er meðal þess sem Christian Marbach hefur sagt á mörgum þeirra fundum sem hann kemur fram á í hjúkrunarfræðingaskólum í Þýskalandi þar sem hann beinir kastljósinu að siðferðislegum álitaeftum í tengslum við mál Högel. Afi Marbach var eitt fórnarlamba Högel.

Ofurhetja endurlífsgana

Nú er Högel ákærður fyrir að hafa morð á 101 sjúklingi til viðbótar þeim sem hann hefur áður verið dæmdur fyrir að hafa myrt. Hann er ákærður fyrir að hafa myrt 36 sjúklinga á háskólasjúkrahúsinu í Oldenburg og 64 á sjúkrahúsinu í Delmenhorst. Dómarinn í málinu, Sebastian Bührmann, hefur fyrirskipað rannsókn á málum átta fyrverandi samstarfsfélaga Högel vegna gruns um meinsæri. Grunur leikur á að þeir hafi logið fyrir rétti eða að minnsta kosti leynt upplýsingum til að hylma yfir brot í starfi.

Þá hafa tveir læknar og tveir yfirhjúkrunarfræðingar á sjúkrahúsinu í Delmenhorst verið ákærðir fyrir manndráp af gáleysi vegna aðgerðarleysis þeirra í máli ▶

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola



Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.
OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Högel. Reiknað er með að Högel beri vitni í málum þeirra en þau verða tekin fyrir þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli hans nú í júní.

Í þýskum fjölmiðlum hefur komið fram að fyrrverandi vinnufélagar Högel segi að hann hafi fljótlega fengið orð á sig fyrir að vinna vel undir álagi, við aðstæður upp á líf og dauða. Saksóknarar segja að hann hafi hins vegar sjálfur skapað þessar aðstæður til að geta brugðist við og sýnt hvers hann væri megnugur. Hann gaf sjúklingunum of stóra lyfjaskammta sem höfðu hjartastopp í för með sér til að hann gæti, eins og ofurhetja, endurlífgað þá. Vinnufélagar hans kölluðu hann Rambo vegna þessa og gáfu honum hálsmen, búíð til úr sprautum, sem hann bar stoltur.

Á þeim þremur árum sem Högel starfaði á sjúkrahúsinu í Delmenhorst létust 411 sjúklingar. 321 lést þegar Högel var á vakt eða eftir að hann lauk vakt. Yfirvöld vita þó ekki hversu marga þeirra hann drap. Fyrir dómi verða aðeins tekin fyrir mál þar sem unnt hefur verið að grafa lík meintra fórnarlamba upp og kryfja þau til leitar að lyfjum sem Högel gæti hafa notað.

Loksins komst upp um hann

Það var í júní 2005 sem loksins komst upp um Högel. Þá kom hjúkrunarfræðingurinn Renate T. að honum standandi yfir sjúklingi með lungnakrabbamein, Dieter Maass. Slökkt var á öndunarvél hans og í skál við hlið hans lágu fjórar tómar sprautur með lyfjum sem hafði ekki verið ávísað á Maass. Renate T. tók blóðprufu úr Maass og sendi í rannsókn. Daginn eftir lést hann.

Í ljós kom að lífshættulegt magn af hjartalyfjum var í blóði Maass. Þegar niðurstaðan lá fyrir funduðu vakthafandi læknir og hjúkrunarfræðingur um málið en Högel fékk að ljúka vaktinni. Það kostaði hina 67 ára Renate Röper lífið.

Sjálfselskur og með lítið sjálfsálit

Süddeutsche Zeitung hefur eftir doktor Karl-Heinz Beine, þekktum taugasjúkdómasérfræðingi og yfirlækni geðdeilar St. Marien sjúkrahússins í Hamm, að svo virðist sem sjálfselska og þörf fyrir að bæta upp fyrir lítið sjálfsálit hafi drifið Högel áfram við morðin. Beine hefur rannsakað raðmorðingja innan heilbrigðisgeirans síðan 1989. Hann segir að Niels Högel tilheyrir þeim mikla minnihluta sem myrði sjúklinga sína. Hann segir að það sem sló



Hjúkrunarfræðingur Framdi myrkraverk í langan tíma.

hann mest við vitnisburð Högels sé algjör skortur á samúð, jafnvel þegar hann ræddi við ættingja hinna látnu.

Högel ákvað ungur að árum að verða hjúkrunarfræðingur eins og faðir hans. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum í Wilhelmshaven í norðurhluta Þýskalands ásamt eldri systur sinni.

Fljótlega eftir að hann lauk námi og hóf störf á sjúkrahúsi tóku vinnufélagar hans eftir því að endurlífga þurfti marga sjúklinga þegar Högel var á vakt. Einn þeirra sagði fyrir rétti að fólk deyi á gjörgæsludeildum en ekki svona margir og ekki svona fljótt. Annar vinnufélagi hans sagði að í fyrstu líti þetta bara út eins og örlög-

in séu að verki en á einhverjum tímamarki breyttist það og grunsemdir vakni.

Vinnufélagar Högel ræddu um hann og mál hans en virðast ekki hafa skýrt yfirmönnum frá áhyggjum sínum eða sent inn kvörtun. Það var af ótta við að sett yrði ofan í við þá eða vegna þess að þeir töldu þetta ekki vera hlutverk sitt en Þjóðverjar eru mjög uppteknir af að vernda einkalíf sitt. Einn hjúkrunarfræðingur á Delmenhorst sagði yfirmönnum sínum þó frá áhyggjum sínum af mörgum dauðsföllum þegar Högel var á vakt en því máli var ekki fylgt eftir.

Beine segir að hann vonist



til að málið og sú mikla athygli sem réttarhöldin fá geti orðið til þess að brjóta upp hefðbundna valdar-


öð á sjúkrahúsum en hún er í mjög föstum skorðum þar sem og í öðrum opinberum stofnunum í Þýskalandi. ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantánir á varahlutum.



RÁÐSTEFNUR OG VINNUFUNDIR Á LAUGARVATNI

"Í Héraðsskólanum á Laugarvatni er að finna fullkomna aðstöðu fyrir hópefli, vinnufundi og ráðstefnur."

"Hvernig væri að brjóta upp vinnuvíkuna í haust og koma með hópinn á Laugarvatn í góðan mat og gott vinnu-umhverfi í gamla skólanum?"

ÁST OG FRÍÐUR Á LAUGARVATNI

Andi kærleikans svífur yfir Laugarvatni

Verið ávallt velkomin - www.heradsskolinn.is





Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frankvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll víðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjóri: 512 7010

Sandkorn



Spádómar um endalok stjórnmalaflokka

Heimsendaraus á sér aldrei stoð í veruleikanum. Engu að síður ber töluvert á því undanfarna daga og málsmetandi menn hafa stigið fram og spáð endalokum rótgróinna stjórnmalaflokka. Nýlega skrifaði **Jón Hjaltason**, kenndur við Háspennu, grein í Morgunblaðið þar sem hann húðskammur forystu Sjálfstæðisflokksins fyrir að hafa orðið viðskila við grunnstefnuna. „Ég óttast að flokkurinn okkar eigi sér lengri fortíð en framtíð,“ sagði hann.

Þá skrifar **Styrmir Gunnarsson**, fyrrverandi ritstjóri blaðsins, um grein **Jóns Sigurðssonar**, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins varðandi þriðja orkupakkann. „Sennilega áttar hann sig betur á því að flokkur hans er í lífshættu.“

Flokkarnir sem eru sitt hvor-um megin við 100 ára afmælið, mælást nú samanlagt með tæplega þriðjungsfylgi hjá þjóðinni og virðast ekki geta farið lægra en það.

Yfirburðastaða Borgarleikhússins

Gríman verður veitt bráðlega og búast flestir við því að Borgarleikhúsið standi uppi sem sigurvegari.



Er sýningin Ríkharður III talin sigurstrangelugust í ár. Leikhúsið hefur unnið verðlaunin Sýningársjóðan 2015. Borgarleikhúsið er því ekki aðeins með alþýðlegri sýningar en Þjóðleikhúsið heldur einnig faglegri.

Þegar kemur að barnasýningum verður munurinn á stóru leikhúsunum, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu, enn meiri. Á hverju ári býður Borgarleikhúsið upp á stórfenglegar sýningar fyrir börn á meðan Þjóðleikhúsið er með minna spennandi efni. Einu glæðurnar eru þegar verk **Thorbjörns Egner** eru sett á svið. Er Þjóðleikhúsið sífellt að færast í þá átt að verða eins og Rás 1, eða Gufan eins og hún er stundum kölluð. Aðeins fyrir eldri borgara og þröngan hóp menningarvita.

MYND HANNA/DV



Strákarnir okkar Þeir voru einbeittir á æfingu í sólskininu. Á laugardaginn mætir íslenska landsliðið því albanska á Laugardalsvelli.

Orðin tóm

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Sagt er að samfélög megi dæma af því hvernig við komum fram við okkar minnstu bræður og systur. Varla er hægt að halda öðru fram en að þeir sem glíma við fötlun eða veikindi af einhverjum toga falli í þann hóp. Þá sérstaklega þeir sem hafa ekki fulla hreyfingu og geti ekki sinnt daglegu amstri á sama hátt og flestir aðrir.

Við Íslendingar stærum okkur af því að vera velferðarþjóðfélag. Stærstur hluti þjóðarinnar lítur til hinna Norðurlandanna í því samhengi. Hér á að vera norrænt velferðarríki sem byggir bæði á frelsi og samkennd. Gagnstætt hinni amerísku leið þar sem samfélagslegur Darwinismi ríkir. En einnig gagnstætt valdstjórnarstefnu kommúnismans þar sem frelsið er ekkert.

Af þessum ástæðum setjum við okkur reglur um samfélagslega ábyrgð hins opinbera, hvort sem það fellur undir svið ríkis eða

sveitarfélaga. Reglur sem skylda þessa aðila til að grípa fólk sem lendir í vanda og gera þeim kleift að eiga mannsæmandi líf.

Í DV í þessari viku er rætt við Stefán Stefánsson og Örn Sigfússon sem þurfa að skrá sig á hverjum degi inni í Gistiskýlið við Lindargötu. Engum dylst að aðstæðurnar þar eru ömurlegar. Frelsið ekkert, einkalífið ekkert, öryggið ekkert. Öllum hrúgað á sama stað. Hvort sem þeir kljást við fikn, alkóhólisma, geðræn vandamál, veikindi eða einfaldlega hafa í engin önnur hús að venda. Þetta er það sem Ísland getur boðið upp á.

EKKI er aðeins við Reykjavíkurborg að sakast, sem þó rekur Gistiskýlið. Hvað varðar félagslegt húsnæði rekur borgin langtum fleiri íbúðir. EKKI aðeins í fjölda heldur höfðatölu einnig, 20 á hverja 1000 íbúa. Til samanburðar er hlutfallið 8 í Hafnarfirði, 3 í Mosfellsbæ og 2 í Garðabæ. Skömm hinna sveitarfélaganna er enn meiri.

Stefán er bundinn við hjólastól, vegna MS sjúkdómsins. Sjúkdómurinn hefur herjað hratt á hann en engu að síður hefur kerfið haft nægan tíma til að bregð-



ast við húsnæðisleysi hans. Marga mánuði. Hann fékk jákvæð svör en engar efnir. Í tvær vikur hefur hann því þurft að leita til Gistiskýlisins í von og óvon um að fá að sofa þar yfir nótt því það er skömminni skárri en að sofa í köldum bílastæðakjallara.

Stjórnmalamenn geta brosað að framan í myndavélnar þegar þeir skrifa undir reglugerðir á borð við NPA, sem á að tryggja fötluðu fólki persónulega aðstoð. Klappað sér á bakið og þóst vera að gera samfélaginu gagn. En svo kemur á daginn að orðin eru innantóm. ■

Spurning vikunnar

Óttast þú ásælni Kínverja í íslenskar náttúruauðlindir?



Sértæk þjónusta

7. júní 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



LUMON SVALALOKUNARKERFI FRÁ ÁL OG GLER:

Sumarið er langbest úti á svölum!

Nú er sumarið komið og ekki seinna vænna en að standsetja svalirnar til þess að geta notið allra þessara dýrðlegu sólargeisla til hins itrasta. Góðar svalir auka virði fasteignar og þannig er komin nýting á svalirnar allt árið. Það besta við góðar svalir er að íbúar geta notið útveru allt árið um kring. Lumon-svalalokunarkerfin frá Ál og Gler eru gríðarlega þægileg í notkun fyrir einstaklinga og gera svalirnar að einstökum gríðastað, bæði á sumrin og á veturna.

Ál og Gler varð upphaflega til sem viðauki við fyrirtækið Stál og Suða sem hefur verið starfandi í 20 ár. „Vinsældir Ál og Gler hafa verið gríðarlegar frá opnun og því höfum við haft í nógu að snúast frá upphafi. Við erum að bjóða upp á sóltjöld, handrið fyrir svalir og fyrsta flokks svalalokunarkerfi frá Lumon,“ segir Einar Ingason, stjórnarformaður Ál og Gler.

Vinsæl og stílhrein svalalokunarkerfi

Yfir milljón Lumon svalalokunarkerfa hafa verið seldar í gegnum tíðina og Lumon-kerfið hefur verið leiðandi í gæðamálum í yfir 30 ár. „Hjá Lumon er gríðarlega mikilið lagt upp úr nýsköpun og

hönnun og við hjá Ál og Gler höfum kerfisbundið verið að fækka útlitsviðaukum á borð við pósta og annað. Þannig fær glerið að njóta sín og falla inn í útlit hússins.“

Henta fyrir alls konar veðurfar

Lumon-kerfin koma frá Finnlandi, en Finnar hafa lengi verið leiðandi í gerð svalalokana. Finnskt veðurfar er ekki ólíkt því sem gengur og gerist á Íslandi, nema vindar og frost eru þar heldur meiri en hér. Því er Lumon tilvalið fyrir íslenskt veðurfar. „Vindálagið sem við bjóðum upp á er með því hæsta í heiminum. Lumon er CCMC og CE-vottað og fékk verðlaunin European Technical Approval (ETA-06/0019). Lumon-kerfið var fyrsta kerfið í Evrópu til að hljóta slíka vottun og er núna eina kerfið til að hljóta CCMC-vottun. Lumon-kerfið hentar því í köldu veðri en hefur einnig sannað sig á stöðum einsog Dubai þar sem sandstormar herja á blokkir,“ segir Einar.

Starfsmenn Ál og Gler hafa mikla reynslu í uppsetningu og mælingum og leggja sig fram við að þjónusta viðskiptavini sína í öllu ferlinu, alveg frá hugmyndavinnu og yfir í þjónustu eftir að kerfið er komið upp.



„Við bjóðum þá upp á friar mælingar og gerum tilboð til viðskiptavina útfrá stærð svala. Hafðu samband við okkur og fáðu tilboð í þínar svalir.“

Úti á svölum allt árið um kring

Ál og Gler býður einnig upp á alls kyns vörur til þess að gera svalirnar notalegrar og þegar svalalokun er komin upp er nýting allt árið á svölum. „Við mælum með því að fólk taki sér tíma og hanni rýmið eins og hentar þeim. Við bjóðum t.d. upp á sérgerð stillanleg sóltjöld sem gerir kleyft að stilla birtu eftir hentisemi. Tjöldin er þá m.a. hægt að stilla þannig að þau að loki á sólarljós á sumrin þegar sólin er lágt á lofti. Skoðu sóltjöldin á vísor.is. Einnig erum við með hitara fyrir svalirnar á veturna. Það á að vera hægt að nýta svalirnar allt árið um kring og því er hitari fyrir veturinn það sem gerir herslumuninn.“

„Við leggjum mikið upp úr þjónustu og viljum vinna náð



með okkar viðskiptavinum. Þess vegna hefur Ál og Gler verið tekið fagnandi á íslenskum markaði og við vonumst til að þjónusta Íslendinga í mörg ár til viðbótar,“ segir Einar að lokum.

Flatahraun 29, Hafnarfjörður
Nánari upplýsingar má nálgast á aloggler.is

Facebook: Ál og Gler
Sími: 535-5453
netpóstur: aloggler@aloggler.is ■





FISKÓ:

Öðruvísi og spennandi gæludýr

Fólk er mjög ánægt með úrvalið hjá okkur enda er leitun að öðru eins úrvali af gæludýrum. Við erum með allt frá krúttlegum hömstrum og syngjandi fuglum yfir í liðugar þúsundfætlur," segir Jóhannes Sigmarsson eigandi Fiskó í Kaupþúni, Garðabæ.

Öðruvísi gæludýr

„Ef þig langar í öðruvísi gæludýr þá kemurðu til okkar! Við erum með mikið úrval af froskum og öðruvísi gæludýrum eins og þúsundfætlur og fleira," segir Jóhannes. Það er um að gera að líta við í Fiskó og skoða þessi skemmtilegu dýr. Hver veit, kannski verðurðu ástfanginn af froski!

Gríðarlegt úrval af fiskum

Í Fiskó eru hátt yfir 300 fiskabúr þar sem má finna mörg hundruð tegunda af skrautfiskum. „Einnig erum við með gott úrval af sjávarfiskum og kóröllum auk þess sem við erum með brjóskfiska svo sem skötur og alvöru hákarla. Að sjálfsögðu erum við með allt fyrir fiskabúrið og fróðir starfsmenn okkar

ráðleggja þeim sem vilja koma sér upp fiskabúri, hvort sem um er að ræða ferskvatns- eða saltvatnsfiskabúr."

Úrval af vörum fyrir gæludýr

„Hjá Fiskó erum við með gríðarlegt úrval af vörum fyrir öll gæludýr; hunda, ketti, nagdýr, fiska, fugla, skordýr o.fl. Mitt á milli risanna Costco, Ikea og Bónus höfum við kappkostað að bjóða sanngjörn verð eins og þeir. Þá seljum við flestar tegundir af gæða hundafóðri á góðu verði eins og t.d. Royal Canin, Brit, Brit care, Eukanuba, Barking heads, Acana og lams. Að auki erum við með gríðarlegt úrval af öðrum vörum fyrir hunda og ketti og aðra loðna dýravini."

Þekking, reynsla og þjónusta

„Við leggjum mikla áherslu á ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini. Á þeim þrjátíu árum sem verslunin hefur verið starfandi hefur safnast gríðarleg þekking og reynsla hjá starfsmönnum okkar og við

hvetjum viðskiptavini okkar alltaf til að leita sér þekkingar hjá okkur um gæludýrið sitt," segir Jóhannes.

Opið alla daga vikunnar: Virka daga frá 10-19, lau. frá 10-18 og sun. 12-18. Kaupþún 3, Garðabær, rétt hjá Ikea


og Costco.

Sími: 564-3364

Tölvupóstfang: fisko@fisko.is

Facebook: Fiskó dýrabúð

Nánari upplýsingar má finna á fisko.is ■



Aflhlutir þjóna sjávarútvegi, fiskeldi og fleiru

Starfsmenn og eigendur Aflhluta ehf. erum við Hrafn Sigurðsson, Björn Jóhann Björnsson og Helgi Axel Svavarsson, sem allir erum menntaðir vélfræðingar og höfum áratuga-reynslu í sölu og tæknilegri þjónustu við sjávarútveginn. Aflhlutir ehf. er umboðsaðili fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum á markaði tengdum sjávarútvegi. Þar má nefna bátavélar frá JOHN DEERE, DEUTZ, MAN, hliðarskrúfur frá ABT-TRAC, ljósavélar ZENORO og fiskidælur frá SEA-QUEST," segir Hrafn einn af eigendum Aflhluta.

Sea-Quest sem er staðsett í Killibekki í Írlandi, er leiðandi í dag í framleiðslu á fiskidælum og tengdum búnaði fyrir uppsjávarveidiskip. Í dag eru nálægt 70% af uppsjávarskipum á Íslandi með fiskidælur frá Sea-Quest. Aflhlutir ehf. þjónustar sjávarútveginn, fiskeldi, bændur og verktaka.

Nýlega tóku Aflhlutir ehf. við umboði fyrir hinar þekktu JCB rafstöðvar. „Fyrir stuttu seldum við tvær JCB rafstöðvar fyrir varaafli til ISAVIA á Reykjavíkflugvelli, einnig höfum við selt töluvert af JCB rafstöðvum til fiskeldisfyrirtækja, þar sem þær hafa reynst mjög vel enda þekktar fyrir gæði og áreiðanleika," segir Hrafn.

Umboð fyrir bátasmiðjuna Bredgaard Boats

Árið 2016 tóku Aflhlutir ehf. við umboði fyrir Danska skipasmiðastöð sem heitir Bredgaard Boats. Bredgaard Boats, sem staðsett er í nýjum húskynnum í Rødby, hefur framleitt atvinnubáta frá árinu 1967. Helstu viðskiptalönd Bredgaard Boats eru Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Grænland, Þýskaland, Holland og nú síðast Ísland. „Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá Aflhlutum ehf. varðandi bátasölu, þar sem nú dregur að sjósetningu stærsta vertíðarbáts sem smíðaður hefur verið úr trefjaplásti fyrir íslenskan aðila. Bárður SH-81, sem er í eigu útgerðarmannsins Péturs Péturssonar á Arnarstapa, hefur verið í smíðum hjá Bredgaard Boats síðan í febrúar 2018. Bárður SH er smíðaður undir eftirliti og samkvæmt reglum flokkunarfélagsins Bureau Veritas. Í honum er allt það nýjasta nýtt sem er í boði á markaði í dag.“

Endurnýjun á hefðbundnum vertíðarbátum

Hrafn telur að þar sem mikil endurnýjun hafi átt sér stað í togaraflotunum og uppsjávarveidiskipum sé nú komið að þessum hefðbundnu vertíðarbátum sem hafa setið eftir. „Við sjáum að þessir bátar eru flestir komnir til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Viðhaldskostnaður og óhagkvæmni í rekstri er þá töluverður miðað við þann búnað sem í boði er í dag. Þar má til dæmis nefna að aðalvélin í Bárði SH, sem er frá MAN í Þýskalandi, er með eldsneytisnotkun sem gerist vart lægri í þessum vélaflokki, ekki nema 195 g/kWh og uppfyllir allar þær ströngu kröfur um mengun sem gerðar eru í dag.“

Með mikið af búnaði í nýjan Bárð SH

„Bárður SH verður einn fullkomnasti bátur af þessari stærð þegar hann kemur til landsins síðar í sumar. Við erum þeir aðilar sem erum með milli-

Nýr Bárður SH.



göngu um smíði og sölu á þessum báti og seljum að auki mestallan búnað í hann. Aðalvélin er frá MAN og er 900 hestöfl, niðurfærslugirinn er TWIN DISC MGX, skrúfubúnaðurinn kemur frá Teignbridge, tvær ljósavélar frá Zenoro í Hollandi, hliðarskrúfurnar bæði framan og aftan frá ABT Track í Bandaríkjunum. Þetta eru hliðarskrúfur sem hafa reynst alveg gríðarlega vel á þessum markaði fyrir smærri gerð af bátum. Svo er kraninn frá Guerra á Spáni. Við erum því með puttana í mörgu í tæknibúnaðinum í þessum bát og erum líka að sinna eftirliti með smíðinni.

Við fylgjum mjög vel eftir öllum okkar verkefnum og erum vel tengdir í þau. Við erum ekki bara að selja, heldur að þjónusta og fylgja eftir öllum þáttum, þannig að allt verði gert eins vel og völ er á fyrir okkar viðskiptavinum," segir Helgi, vélfræðingur og rafíðnfræðingur.

27 metra langur og 7 metra breiður

Að mati Hrafns býður bátasmiðja Bredgaard Boats upp á kosti sem ekki hafi sést hér á Íslandi áður, þegar lítið er til styrkleika og gæða. „Hinn nýi Bárður verður stærsti trefjaplástbátur sem smíðaður hefur verið fyrir íslensk- an útgerðarmann. Hann er tæplega 27 metra langur og 7 metra breiður. Borghein Yacht Design í Danmörku sem er með áratuga reynslu í hönnun báta, hannaði og teiknaði nýjan Bárð SH í samvinnu við Pétur. Við höfum selt vélbúnað um borð í íslenska plastbáta í áratugi og höfum aldrei séð flottari og vandaðri vinnubrögð á nokkrum bát eins og hjá Dönunum.

Snurvoðaspil, netatromma og stjórn- búnaðurinn fyrir snurvoðina verður með því fullkomnasta sem þekktist, og verður öll stjórnun á vodinni tölvustýrð með snertiskjá. Þessi búnaður kemur frá AS-Scan í Danmörku. Allt vökværfið í bátinn er einnig lagt af sérfræðingum AS-Scan. Vökvæðlur og lokar koma frá Landvéllum. Það er víða komið við í þessu og þetta verður gríðarlega öflugur bátur í alla staði og vandaður," bætir hann við.

Eftir afhendingu bátsins í Rødby,



Hrafn Sigurðsson, Björn Jóhann Björnsson og Helgi Axel Svavarsson.

verður siglt til Boa Tech í Danmörku þar sem allur dekkbúnaður verður settur í hann, þ.e. þvottakör, fiskimóttakan og annar búnaður á dekki.

Hafa trú á að fleiri fylgi í kjölfarið

„Þegar menn átta sig á öllum kostum þessa báts og gæði búnaðarinnar, erum við bjartsýnir á að menn flykkist um borð

í hann til að skoða og sjá þá um leið hve vandaður gripur þetta er og fari að leita til Danmerkur eftir nýjum bátum. Ég er viss um að með þessum nýja Bárði hefjist nýr kafli í smíði plastbáta fyrir íslenskar útgerðir. Vinnan er einstaklega vonduð og verðið mjög gott og höfum við mikla trú á því að fleiri fylgi í kjölfarið," segir Hrafn. ■

ALLIR MENNTAÐIR VÉLFRÆÐINGAR

Aflhlutir var stofnað 2006. „Við vorum upphaflega sex sem stofnuðum fyrirtækið. Síðan skildu leiðir eftir fyrsta árið en ég og Björn, hældum áfram með fyrirtækið. Við Björn útskrifuðumst saman úr Vélaskóla Íslands árið 1980 og höfum allar götur síðan verið góðir félagar. Við unnum þó á sitthvorum staðnum. Hann hjá Vélsölunni og ég var í mörg ár hjá Merkúr, svo við vorum keppinautar þá. Svo atvikaðist það þannig að við hættum á sama tíma, hann hjá Vélasölunni og ég hjá Marás, þar sem ég var í eitt ár. Þá stofnuðum við Aflhluti

og höfum alla tíð síðan byggt þetta fyrirtæki upp. Helgi Axel Svavarsson kemur svo inn í fyrirtækið í byrjun 2017 og er nú orðinn einn af hluthöfnum. Hann var framkvæmdastjóri fyrir fyrirtæki sem heitir Ásafl í nokkuð mörg ár. Við erum því þrjú starfsmenn sem allir eru jafnframt hluthafar. Við erum allir menntaðir vélfræðingar og með réttindi sem slíkir. Helgi er auk þess menntaður rafíðnfræðingur. Starfsemin er byrjuð að sprengja utan af sér, þannig að við erum farnir að huga að ýmsum hlutum til framtíðar," segir Hrafn.

Sóttu stærsta gimstein á Íslandi af hafsbotni



Hér er kafari að vinna við uppsetningu innsiglingarmerkis í Sandgerði.



Köfunarþjónusta Sigurðar tekur að sér öll verkefni sem snúa að köfun. „Ég stofnaði þetta fyrir 21 ári síðan eða 1998 og hef verið að kafa alla daga síðan. Sjálfur leiddist ég út í þetta af einskærri ævintýramennsku eftir að hafa verið í björgunarsveit og starfað sem sjómaður og vélstjóri. Ég var alltaf heillaður af köfun sem unglingur og tel mig vera heppinn að geta starfað við köfun í dag,” segir Sigurður Stefánsson, eigandi Köfunarþjónustu Sigurðar.

Vandamálin eru ekki til

„Við sjúum um allt milli sjávaryf-irborðs og hafsbotns hvort sem það er björgun skipa af fjölbreyttri stærðargráðu eða viðhaldi hafnar-mannvirkja svo sem á byggingum, flotbryggjum og fleiru. Einnig höfum við þjónustað kvikmynda- og auglýsingaiðnaðinn þar sem þarf að ná skotum neðansjávar og fleira.

Þegar kemur að hafnarmannvirkjum erum við yfirleitt að kafa á 5-12 metra dýpi. Oft erum við svo að kafa á rétt undir 30 metra dýpi og svo einstaka sinnum höfum við farið undir 50 metrana. Okkar mottó er að það eru ekki til nein vandamál. Það eru bara verkefni sem þarf að leysa, og við gerum alltaf okkar besta til þess að leysa öll verkefni sem fljóta til okkar,” segir Sigurður.

Alltaf nóg að gera

„Við erum allajafna sex sem störfum hjá Köfunarþjónustu Sigurðar og eigum það allir sameiginlegt að vera miklir ævintýramenn. Það sem er svo skemmtilegt við þessa vinnu er að maður veit ekkert hvað maður er að fara að gera þegar maður vaknar á morgnana. Það er alltaf nóg að gera hjá okkur enda er vinnusvæði okkar allt landið, hvort sem það eru Egilsstaðir, Raufarhöfn eða Vestmannaeyjar. Við erum annars allajafna staðsettir á Ásbrú. Þá má það koma fram að við erum að leita að fleiri köfnum til þess að starfa með okkur. Áhugasamir mega endilega hafa samband við okkur.”

Alveg eins og í Titanic

Hver man ekki eftir Titanic, stórmyndinni sem skók heiminn árið 1997 og atriðinu þegar kafarinn kemur

upp með öryggisskápinn sem átti að innihalda einn verðmætasta skartgrip veraldar, Hjarta hafsins? En það eina sem finnst í skápnum er teikning af fallegri konu með menið um hálsinn. Þeir sem hafa séð myndina vita að steinninn fór aldrei niður með skipinu heldur faldi aðalpersónan, Rose DeWitt Bukater skartgripinn á sér og kastaði svo í hafið á gamalsaldri. Því fannst gimsteinninn aldrei.

Risastór perla á hafsbotni

En er þetta eitthvað líkt þeim verkefnum sem þið hjá Köfunarþjónustunni hafið verið að starfa við? „Það má reyndar segja að við sóttum stærsta gimstein Íslandssögunnar af hafsbotni Reykjavíkurhafnar fyrir nokkrum árum síðan. Þá á ég ekki við raunverulegan gimstein, heldur sanddæluskip að nafni Perlan sem sökk í nóvember 2015. Við höfum tekið þátt í bæði litlum og stórum verkefnum þegar kemur að björgun skipa og var Perlan eitt verkefna okkar sem fékk hvað mesta umfjöllun í fjölmiðlum.“ Skipið sökk á hálf tíma 2. nóvember í Reykjavíkurhöfn eftir að hafa verið sleppt úr slipp.

„Röð óheppilegra mistaka varð til þess að skipið sökk og þar sem hátt í 12 þúsund lítrar af oliu voru í skipinu og 800 lítrar af glussa hófumst við handa, ásamt starfsmönnum Björgunar við að loka skipinu til að koma í veg fyrir að olía læki úr því og til að undirbúa að hægt yrði að lyfta því. Skipið lá svo á hafsbotni í tvær vikur áður en við náðum að dæla úr því sjó og ná því upp. Þegar svona stór verkefni koma á borð hjá okkur fáum við skipaverkfræðinga til þess að vinna með okkur og að þessu sinni unnum við með Navis til þess að reikna út stöðugleika skipsins.“ Mánudaginn 16. nóvember tókst að ná sanddæluskipinu Perlu af botni Reykjavíkurhafnar.

Köfunarþjónusta Sigurðar er staðsett í Reykjanesbæ.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni dive4u.is og á Facebook-síðunni: Köfunarþjónusta Sigurðar ehf.

Sími: 899-6345

Netpóstur: siggi@dive4u.is ■



Innsiglingarmerki tilbúið.



Her er búið að dæla sjó af skipinu.



Láran komin aftur í slipp.



Björgun á 30 tonna beltagröfu í Kópavogi.

Gúmmisteypa Þ. Lárusson hefur keypt færibandalager IBH

Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf. mun í maí 2019 ganga frá kaupum á stórum lager færíbandareima frá IBH. Framleiðandi reimanna er svissneska fyrirtækið Habasit.

Sérfræðingar í færíböndum og gúmmí

Eigandi fyrirtækisins er Þorsteinn Lárusson og Berglind Steinunnardóttir er framkvæmdastjóri. Gúmmisteypan hefur verið starfrækt í hartnær 70 ár.

„Á þessum árum höfum við þjónusta útgerðaraðila, sveitarfélög, verktaka, stóriðju, vélsmíðjur og fyrirtæki í verslun og þjónustu. Við erum sérfræðingar í framleiðslu og uppsetningu á færíböndum og hvers kyns vörum úr gúmmí,“ segir Berglind.

Blómstrandi viðskipti

Í maí 2017 bættust við færíbönd úr plasti fyrir matvælaíðnað þegar Gúmmisteypan keypti Reimar og bönd ehf. Sú viðskipti hafa blómstrað og er Gúmmisteypan enn að bæta við sig.

„Frá því við keyptum Reimaþjónustuna hefur stefnan verið að vera með allar gerðir færíbanda á lager. Með þessari viðbót er það nú orðið að veruleika,“ segir Berglind.

Með þessari viðbót mun Gúmmisteypan sækja í sig veðrið í svokölluðum kubbaböndum (e. modular belts) auk þess að auka úrval á framboði annarra reima fyrir matvælaíðnað.

Gúmmisteypan er staðsett að Gylfaflöt 3, 112 Reykjavík

Nánari upplýsingar má finna á


gummisteypa.is

Sími: 567-4467

Netpóstur: **gummisteypa@gummisteypa.is**

Fylgstu með okkur á facebook:

Gúmmisteypa Þ. Lárusson ■



**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

habasit

Himneskt sjávarréttarisottó og nýr hádegisseðill



CARUSO:

Veitingastaðurinn Caruso hefur fyrir löngu sannað sig sem einn ástsælasti veitingastaður Reykvíkinga. Notalegt andrúmsloft, ljúffengir drykkir, góð stemning og síðast en ekki síst, alltaf góður matur. Caruso hefur verið rekinn af hjónunum José Garcia og Þrúði Sjöfn Sigurðardóttur í tuttugu ár og hafa þau ætíð lagt mikið upp úr góðu og fersku hráefni og ljúffengum mat með Miðjarðarhafsvafi.

Sögufrægur veitingastaður í sögufrægum húsum

„Caruso við Austurstræti er staðsettur í sögufrægu húsi í Austurstræti 22. Húsið var upphaflega reist úr innfluttum norskum við yfir stiftamtann í kringum 1800 og hósti síðar landsyfirrétt. Einnig var húsið miðpunktur atburðarrásarinnar sumarið 1809 þegar ævintýramaðurinn Jörundur Hundadagakonungur tók hér völdin. Skemmtistaðurinn Pravda var þar svo til húsa þegar húsið brann árið 2007. Húsið var endurbyggt í upprunalegri mynd og farið var eftir



stokkaleifum sem varðveittust, efnið var höggvið til á sama hátt, samsetningar voru gerðar eins og húsamosi tindur á heiðum og settur til þéttingar milli stokkana, skarsúðin var sett upp að nýju handhefluð og er sýnileg að innan. Eldstæðið var að sama skapi endurgert, en tilfinningin í þessu nýja gamla húsi er ólík öðru sem við höfum kynnst.

Einnig er Caruso við höfnina staðsett í sögufrægu húsi við Ægisgarði 2, en um er að ræða gamalt saltfiskvinnsluhús að nafni Sólfell. Það var upphaflega reist á Kirkjusandi árið 1921 af Th. Thorsteinssyni fiskverkanda. Það var þá stærsta og á sinn hátt tæknivæddasta salthúsið í Reykjavík,” segir Þrúður.

Komdu út að borða

Báðir veitingastaðir Caruso eru með heillandi útsisvæði. „Hjá Caruso við höfnina er höfnin svo að segja í bakgarðinum. Þegar veður leyfir er dásamlegt að sitja úti og horfa yfir höfnina og njóta



matar og drykkjar. Stemningin er skemmtilega alþjóðleg þegar ferðamenn og Íslendingar hittast saman úti að borða. Einnig er notalegur bakgarður hjá Caruso í Austurstræti þar sem margir byrja með fordrykk þegar veður er gott. Öll föstudags- og laugardagskvöld eru svo tileinkuð honum Simoni Ívarsyni, klassískum gítarleikara sem myndar alveg hreint einstaka stemningu hjá okkur á Caruso í Austurstræti.”

Himneskt sjávarréttarisottó

Caruso býður upp á stóran og fjölbreyttan matseðil þar sem allir ættu að finna

sinn uppáhaldsrétt. „Lambakórónan er alltaf vinsæl og einnig fiskurinn og svo hefur sjávarréttarisottóið okkar heldur betur slegið í gegn, enda er það algerlega himneskt. Svo erum við að taka inn nýja hádegisseðla á næstunni og erum spennit fyrir að sýna hann viðskiptavinum okkar,” segir Þrúður.



Caruso, Austurstræti 22, 101 Reykjavík

Sími: 562-7335

Tölvupóstur: caruso@caruso.is

Caruso Harbor, Ægisgarði 2, 101 Reykjavík

Sími: 512-8181

Tölvupóstur: carusoharbor@caruso.is

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu staðarins. ■





Þegar kemur að hönnun rýmis skiptir miklu máli að velja rétta lýsingu, þar sem lýsing getur gert mjög mikið til að skapa rétta stemmningu. Lýsing & Hönnun er lítið fjölskyldufyrirtæki sem kappkostar að veita persónulega og góða þjónustu varðandi allt sem viðkemur lýsingu, fyrir allar tegundir bygginga. „Starfsmenn okkar eru sannkallaðir reynsluboltar í faginu en Heimir Jónasson, rafmagnsiðnfræðingur og eigandi fyrirtækisins, hefur mjög mikla reynslu í raflagna- og lýsingarhönnun. Ég er búin að vinna lengi við lýsingarhönnun og Karlotta Guðlaugsdóttir er menntaður hönnuður,” segir Erla Heimisdóttir viðskiptafræðingur, en hún stofnaði Lýsingu & Hönnun árið 2007 ásamt eiginmanni sínum, Heimi.

Ýmiskonar verkefni

„Við höfum verið afar lánsöm að fá að taka þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum. Bæði höfum við unnið með húseigendum að endurbótum og nýbyggingu á einbýlishúsum, sem og arkitektum og innanhússarkitektum í fjölbreyttum og spennandi verkefnum, bæði stórum og smáum. Hvort sem um er að ræða eina íbúð, einbýlishús, hótél, skrifstofuhúsnæði, íbúðablokkir, veitingastaði eða íþróttamannvirki, þá sjáum við um þetta allt, enda kunnum við vel til verka,” segir Erla.

Allt á einum stað

„Við vitum að það er í mörg horn að líta þegar verið er að byggja og þá hjálpar að geta fengið allt sem snýr að rafmagnshlutunum á einum stað. Hugmyndin að fyrirtækinu var því upphaflega sú að aðstoða húsbýggjendur við allt sem sneri að rafmagni í húsum, svo sem raflagnateikningar, lýsingarhönnun, raflúnað og allt það val sem viðkomandi stendur frammi fyrir. Það er alveg greinilegt að mikil þörf hefur verið á markaðnum fyrir þjónustuna sem við bjóðum upp á, enda hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarið,” segir Erla.

Líkt og nafnið gefur til kynna þá er starfsemi Lýsingar & Hönnunar tvíþætt. Annars vegar er um að ræða verkfræðiþjónustu í raflagnateikningum og lýsingarhönnun. Hins vegar er Lýsing & Hönnun einnig verslun þar sem aðaláherslan er á

allar gerðir ljósa fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. „Í versluninni erum við með gríðarlegt úrval af fallegum ljósum og ljósakrónum sem prýða hvers kyns rými,” segir Erla. Einnig býður fyrirtækið upp á sérfræðiráðgjöf í lýsingarhönnun fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þar sem starfsmenn á vegum fyrirtækisins mæta á staðinn, taka út húsnæðið og ráðleggja varðandi raflagnir og val á lýsingu.

HDL hita- og ljósaþýkerfi

„Mikill meirihluti húsbýggjenda, sem leita til okkar, velur HDL hita- og ljósaþýkerfi en það kerfi býður upp á endalausa möguleika sem uppfylla mjög mismunandi kröfur. Verðið kemur líka skemmtilega á óvart, en HDL kerfið er alls ekki mikið dýrara en að vera með hefðbundna ljósdeyfa og hitanema,” segir Erla.

Með HDL kerfinu er meðal annars hægt að stjórna ljósum og hita með spjaldtölvum. Þannig má breyta stemmningu í rýminu á afar einfaldan og þægilegan hátt. Einnig er hægt að stýra hita og ljósum með einum rofa sem myndar heildstætt kerfi. Nýlega kom HDL fram með byltingarkennda nýjung sem auðveldar eigendum eldri húsa að vera með HDL kerfi, þrátt fyrir að raflögn hússins sé ekki sérstaklega löguð að kerfinu. Um er að ræða þráðlausa rofa sem hægt er að setja nánast hvar sem er og því talsvert einfaldari í uppsetningu en hefðbundið HDL kerfi.

Veggfóður fyrir falleg rými

Þó að lýsing sé í kastljósinu hjá Lýsingu & Hönnun þá er þar einnig hægt að fá dásamleg veggfóður frá hollenska fyrirtækinu NLXL. Um er að ræða gífurlega fallegt og endingargott veggfóður sem setur punktinn yfir í-ið í glæsilegum rýmum.


Lýsing & Hönnun er staðsett að Skipholti 35, 105 Reykjavík.

Opið er mánudaga til föstudaga frá klukkan 10–17, miðvikudaga frá klukkan 10–18.

Sími: 588-0506.

Netfang: lysingoghonnun@lysingoghonnun.is.

Allar vörur má sjá í vefverslun Lýsingar og hönnun inná lysingoghonnun.is. ■



HUNDA- OG KATTAHÓTEL SUÐURNESJA

Hvíldarinnlögn og sumarþúðir fyrir loðna leikfélaga

Hunda- og kattahótel Suðurnesja var opnað af hjónunum Kristínu Einarsdóttur og Daniel Þorgeirssyni 1. ágúst 2018. „Þetta hafði blundað í kollinum á mér í langan tíma áður en við ákváðum að stiga skrefið til fulls og opna hótel fyrir hunda og ketti. Ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka af skarið var sú að maðurinn minn var á milli starfa og okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Sjálf vann ég sem aðstoðarmanneskja dýralæknis og fann að fólk spurðist oft fyrir um dýrahótel.“

Það var greinilega mikill skortur og sem hunda- og kattaeigandi þá fann ég líka fyrir því að það var erfitt að skreppa frá, því það gat verið vandamál að finna pössun fyrir dýrin. Þetta var augljóslega hárréttur tími því það var strax mikið að gera hjá okkur og hefur verið síðan við opnuðum. Nú yfir jólnin og áramótin komust færri að með dýrin sín en vildu,” segir Kristín.

„Fólk kemur aðallega með dýrin sín í pössun þegar það fer erlendis eða bara í frí. Einnig vistum við dýr á meðan eigendur þeirra eru á spítala eða í endurhæfingu. Það er líka töluvert um að fólk sem vinnur langa vinnudaga komi með hundana sína í dagvistun. Það hentar sérlega vel að vera staðsett á Suðurnesjum, ekki fjarri Leifstöð. Við tökum á móti dýrum allan sólahringinn og líka á næturna. Þeir sem eru að fara í næturflug geta nýtt sér næturþjónustuna gegn vægu þjónustugjaldi. Einnig geymum við bílinn fyrir þá sem vilja gegn vægu gjaldi.“

Aðstæður hunda og katta til fyrirmyndar

Á staðnum eru 30 stíur fyrir hunda og tíu búr fyrir ketti. „Það komast þó fleiri að en það, því ef um er að ræða tvo hunda af sama heimili þá geta þeir stundum deilt stíu.“ Í hverri hundastíu er bæli með mjúku undirlagi og allir fá nagbein og leikfang. Kattabúrin innihalda bæli, klórustaur og kattaklósett. Fóðrun katta og hunda er sniðin eftir þörfum hvers og eins og hafa dýrin öll aðgang að hreinu drykkjarvatni. „Einnig bjóðum við upp á þá þjónustu að baða hunda og klippa klær gegn gjaldi. Sú þjónusta er eingöngu fyrir hótलगesti.“

Hvíldarinnlögn fyrir ketti

Kettirnir hafa aðgang að stóru innleiksvæði með klórustaurum og fá klapp og knús frá starfsmönnum daglega. „Þarfir þeirra eru mjög mismunandi og reynum við að aðlaga okkur að þörfum hvers og eins eftir okkar bestu getu. Þetta er næstum eins og hvíldarinnlögn fyrir kettina því þarna fá þeir alla þá athygli sem þeir vilja og ná að slappa af í rólegu umhverfi með öðrum köttum.“

Sumarþúðir fyrir hunda

Útisvæðinu er skipt í fjóra hluta sem nær yfir 1500 fermetra. „Við aðskiljum yfirleitt smáhundana frá þeim stóru en það er auðvitað allur gangur á því hverjir geta verið saman úti. Það fer svo auðvitað eftir veðri hve mikil útivera er í boði og auk þess metum við hvern hund fyrir sig. Sumir eru orðnir gamlir og lúnir og þurfa að vera meira inni og hvíla sig, en þeir yngstu og sprækustu eru yfirleitt mjög þreyttir




og glaðir þegar eigendurnir koma að sækja þá. Þeir hafa þá verið að leika sér úti stóran part úr degi með hinum hundunum. Þetta er næstum því eins og að senda hundinn sinn í sumarþúðir.“

Ein mynd segir meira en þúsund orð

„Við tökum nánast daglega myndir af hundunum og köttunum í leik og birtum á Facebook-síðu hótelsins. Við byrjuðum á þessu af rælni en fengum svo góð viðbrögð frá viðskiptavinum að við höfum haldið þessu áfram. Sumir hafa meira að segja rúkað okkur um myndir ef við erum ekki nógu snögg að birta þær. Fólk þykir gott að sjá dýrin sín þegar það getur ekki verið hjá þeim.“

Ein mynd segir líka meira en þúsund orð og þarna sér fólk að dýrinu líður vel,” segir Kristín. ■



HUNDA & KATTAHÓTEL SUÐURNESJA

Nánari upplýsingar má nálgast á hundaogkattahotelsudurnesja.com

Facebook:
Hunda- og kattahótel Suðurnesja.

Klettatröð 6a, Reykjanesbær

Netpóstur:
hundaogkattahotel@gmail.com

Bókanir í síma **777-3828** eða í gegnum messenger á Facebook.



Stíur fyrir hunda



Kattarúr



Jenný er vörubílstjóri og smiður

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Jenný Friðjónsdóttir er ein af fáum konum á Íslandi sem starfa sem vörubílstjóri. Hún segir marga reka upp stóru augu þegar þeir sjá hana bak við stýrið og oft verður hún vör við efasemdir um að hún sé jafnfær og karlkyns starfsfélagar hennar. Hún vill brjóta niður staðlímyndir um hefðbundin karla og kvennastörf og sýnir daglegt líf sitt og starf á Snapchat.

Byrjaði út frá metingi

Jenný er gift Benedikt Helgasyni sem einnig starfar sem einnig er menntaður sem smiður og starfar sem bílstjóri. Hún á þrjú börn, 9, 18 og 19 ára auk þess sem Benedikt á tvö börn sem eru 9 og 12 ára.

Þegar Jenný tók þá ákvörðun að



ná sér í meirapróf var hún 22 ára gömul og hafði aldrei á ævinni sest upp í vörubíl.

„Ég hafði verið í skóla og stefndi

á að verða annað hvort kjóla-klæðskerri eða gullsmiður. Svo varð einhver veginn ekkert úr því, ég eignaðist tvö elstu börnin mín sem



Snappari Fjallar ekki um snyrtivörur og bleyjur.

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



SJÓN ER SÖGU RÍKARI !

„Stundum þarftu bara að svara fyrir þig og setja fólki skýr mörk“

eru í dag 19 og 18 ára. Þetta byrjaði þannig að ég var í hálfgerðum meting við barnsföður minn. Hann var með fullt af stimplum á ökuskrteininu sínu og var alltaf að veifa því framan í mig. Ég vildi

einfaldlega sýna honum að ég gæti þetta líka! Ég hafði svo sem engan sérstakan áhuga á þessu þannig séð og vissi í rauninni lítið um hvað meiraprófið snerist. Þetta snerist í rauninni bara um það ▶

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Jenný Tók meirapróf 22 ára.



að ná í þennan blessaða stimpil.“ Jenný lauk meiraprófinu í nóvember 2003 og var komin með starf áður en hún fékk bráðabirgðaskírteinið í hendurnar.

„Og svo bara festist ég í þessu. Þetta er svo rosalega skemmtilegt og fjölbreytt starf,“ segir Jenný en hún bjó og starfaði í Reykjavík í sex ár áður en hún flutti aftur heim til Akureyrar árið 2011.

Niðrandi tal

Hún segir algengt að fólk hafi ranga mynd af vörubílstjórastarfinu.

„Það eru margir sem sjá fyrir sér sveittan fimmtugan kall í netabol sem situr á rassinum allan daginn. Það er mjög röng ímynd.

Þetta er ofboðslega fjölbreytt starf og krefjandi og þú hittir allskonar fólk. Mér finnst líka ofboðslega leiðinlegt þegar fólk kallar konur á flutningabílnum „trukkalessur“. Hvað eigum við þá að kalla karlmennina? Trukkahomma? Ég þekki margar samkynhneigðar konur og mér finnst þetta svo niðrandi í garð þessa hóps.“

Mikið um gláp

Aðspurð um hvort hún hafi orðið vör við fordóma í starfinu svarar Jenný játandi.

„Ég hef mikið verið að keyra áburði á sveitabæi. Ég hef tekið eftir því að eftir því sem ég fer lengra inn í dalina, lengra frá mannabyggðum þá verða bændurnir sem

ég hitti skrítnari og meira gamaldags í hugsun. Ég lenti einu sinni í gömlum bónda sem var augljóslega haldinn mikilli kvenfyrirlitningu og það lá við að hann segði við mig: „Þú getur þetta ekkert, hvað ertu eiginlega að gera hér.“ Ég tilkynnti honum að ef hann væri eitthvað ósáttur við mig þá gæti ég bara farið til baka með áburðinn. Stundum þarftu bara að svara fyrir þig og setja fólk skýr mörk.

Ég hef tekið eftir því að fólk er mikið að glápa á mig í vinnunni, sumir snúa sig nánast úr hálsliðnum þegar þeir sjá mig bak við stýrið. Ég hef vanið mig á að vinka til baka þegar ég sé að einhver er að stara. Fólk sér þá oft að sér og hættir að glápa. Árið 2010, þegar

Sumir snúa sig nánast úr hálsliðnum þegar þeir sjá mig bak við stýrið.



Nett fjölnotataeki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

ég var ólétt af yngsta stráknum mínum var ég á fullu að keyra og fólk var alltaf voða hissa þegar það sá mig koma út úr bílnum með bumbuna út í loftið.

Ég hef vissulega fengið að heyra að ég geti ekki hitt eða þetta, en málið er að það er ekkert sem ég get ekki gert þegar kemur að starfinu. Ég geri reyndar ekki við, en það er aðallega bara af því að ég nenni því ekki,“ segir Jenný glettilega.

„Yfirleitt finnst fólk bara frekar töff að ég sé í þessu starfi, ég fæ stundum spurninguna hvort þetta sé ekki erfitt líkamlega. Það er hins vegar fyrst og fremst þannig að það eru kúnnarnir sem geta verið erfiðir.“

Bætti við sig húsmíði

Fyrir nokkrum árum ákvað Jenný síðan að bæta við sig námi en hún segir ástæðuna meðal annars hafa verið að henni var illa við að keyra á veturna. Hún skráði sig því í nám við VMA.

„Mig langaði að halda áfram á textílbrautinni en þá gat ég ekki fengið námslán af því að textíll flokkast ekki sem iðngrein. Ég ákvað þess vegna að skella mér í húsgagnasmíðina. Ég komst síðan að því að ég þyrfti ekki að taka nema nokkra aukaáfangu til að klára starfsnám í húsmíði, þannig að ég tók það bara

líka,“ segir Jenný en það vildi svo skemmtilega til að þegar hún var að klára seinustu önnina voru tvö elstu börnin hennar einnig í námi við skólann.

Jenný útskrifaðist sem húsa- og húsgagnasmíður síðasta vor en hefur þó ekki starfað við fagið. Hún á síðan eftir um hálf tón á samningi í húsgagnasmíðinni. „Ég byrjaði síðan að keyra aftur, ég enda einhvern veginn alltaf þar.“

Námið hefur þó nýst henni vel, ekki sist fyrir á árinu þegar þau hjón festu kaup á íbúð og gerðu hana fohelda.

Jenný hefur um skeið haldið úti opinni rás á Snapchat og leyfir fólk meðal annars að fylgjast með því sem hún er kljást við í starfinu. Þess á milli sýnir hún frá daglegu lífi fjölskyldunnar.

„Þetta er öðruvísi snapp heldur en mörg önnur, ég er ekki að fjalla um snyrtivörur eða bleyjur. Ég opnaði snappið af því að ég vildi sýna fram á hvað þetta er fjölbreytt starf þar sem ýmiskonar aðstæður geta komið upp. Ég vakna aldrei á morgnana og hugsa: „Ég nenni ekki í vinnuna í dag, ég verð að finna einhverja afsökun. Mér finnst ég mjög heppin að vera í þeirri stöðu. Vonandi sjá einhverjar stelpur snappið og fá áhuga á starfinu, þetta er algjörlega þess virði að prófa.“ ■



KÆLIDAGAR í Heimilistækjum

Dagana 31. maí-9. júní er 20% afsláttur af öllum kælikápum hjá Heimilistækjum.

Allt frá litlum kælikápum í húsbilinn til tvöfaldrar kælikápa og vinkæla á tilboði.

Í Heimilistækjum fæst fjölbreytt úrval af kælikápum í mörgum stærðum og gerðum frá helstu framleiðendum eins og Whirlpool, Bosch, LG, Electrolux, Samsung, Siemens og fleiri.

en ekki síst hefur hann öflugna en hljóðláta (40dB) Inverter Linear kælipressu.

Framleiddu klaka í sumar með Twist & Serve kerfinu

Aðrir spennandi kælikápar eru t.d. tvöfaldrar kælikápur frá Husqvarna með frystiskúffu í stað hurðar ásamt Twist & Serve klaka kerfi í frysti og vatnstanki. Auðveld-

lega má framleiða klaka og fá iskalt vatn úr skápnum án þess að þurfi að tengja hann við vatn.

Frábært verð á Kælidögum

Tilboðið gildir einnig á innbyggðum kælikápum sem fást í miklu úrvali í Heimilistækjum. Skáparnar fást bæði með og án frystihólfs, ásamt vinkælum. Kælikáparnar spanna stærðir frá 48 cm upp í 203 cm

skápa í ýmist hvítu, stáli eða svörtum lit. Það ættu því allir að geta fundið kælikáp sem hentar þeirra heimili á frábæru verði á Kælidögum.

Úrvalið í heild sinni má skoða á heimasíðu Heimilistækja ht.is og valin sýningareintök má skoða í næstu verslun Heimilistækja sem staðsettar eru á 7 stöðum um allt land. ■

Glæsilegur tvöfaldrar kælikápur með klakavél

Meðal spennandi tilboða má finna glæsilegan tvöfaldrar kælikáp með klakavél frá LG með 110.000 króna afslætti! Sem eru engir smáaurar ekki síst ef fólk stendur í eldhúsbreytingum og allt telur. Kælikápurinn hefur Slim SpacePlus vatns- og klakavél í hurð, Pure N Fresh Filter og Multi Flow kæliviftu sem dreifir loftinu fyrir jafnari kælingu í öllum skápnum og Fresh Zone grænmetisskúffur sem halda réttu rakastigi og lengja líftíma á grænmeti og ávöxtum. Síðast




LG-GMJ936NSHV
FULLT VERÐ 549.995
TILBOÐ 439.996



HUS-QRT3100X
FULLT VERÐ 279.995
TILBOÐ 223.996

Tímarvélín




Með Arnarflugi til Amsterdam og þér eru allir vegir færir.



Gamla auglýsingin

Frjáls verslun 1. ágúst 1984



Ómar og Lúdvík fylla á vélina TF-GIN

ÆVINTÝRAMAÐURINN OG SAGNAMEISTARINN LÚDVÍK KARLSSON

■ Hljóp á heitu hrauni ■ Flóðbylgja á Grænlandi
■ Hörmulegt þyrluslys á Kjalarnesi

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Lúdvík Karlsson flugmaður var einn mesti ævintýramaður landsins á síðustu öld. Hann féll frá í þyrluslysi á Kjalarnesi árið 1975, aðeins 31 árs að aldri. Sögurnar sem hann sagði og sagðar hafa verið af honum hafa margar goðsagnakenndan blæ og ekki er alltaf auðvelt að sjá hvað er satt og hvað logið. Ómar

Ragnarsson, fréttamaður og félagi Lúdvíks úr fluginu, ræddi við DV um þennan merka mann og rifjaði upp nokkrar sögur.

Ævintýramaður

Lúdvík var fæddur árið 1943. Hann var af efnuðu fólki kominn og gat leyft sér ýmislegt sem aðrir gátu ekki. Hann var víðförlur og fékk snemma áhuga á flugi. Hann lauk flugnámi árið 1964 og á sjöunda áratugnum var hann orðinn

hæfileikaríkasti svifflugmaður landsins og síðar átti hann eftir að fljúga bæði litlum vélum, í ferjuflugi og þyrlum. Einnig stundaði hann fallhlífarstökk og froskköfun.

Í sviffluginu vann Lúdvík mörg afrek eins og samferðamenn hans vitna um. Dag einn á Íslandsmótinu árið 1969 þraut uppstremmið og Lúdvík þurfti að nauðlenda. Sá hann þá lítinn hólma í miðri á sem rann í gegnum mýri og náði að lenda þar á ótrúlegan

hátt. Hann hafði líka einstakt lag á því að halda sér á lofti þegar aðrir komust hvorki lönd né strönd.

„Þetta var fluggáfaður maður, gríðarlega hæfileikarík og orkumikill. Hann hafði miklar tilfinningar og óþrjótandi lífsgleði,“ segir Ómar Ragnarsson í samtali við DV. „Hann var að fljúga og ég var að fljúga, og stundum flugum við saman. Hann var mjög klár og alveg júník maður. Maður kynnist ekki nema einum svona á ævinni.“

Hljóp á heitu hrauni í sandöllum
Ómar rifjar upp Íslandsmeistararíkið árið eftir, einnig á Hellu, en þá var Heklugos í gangi.

„Ég á mynd af honum í kvenmannsbikiní að hella bensíni á vélina mína, sem þá var TF-GIN. Sagan af því hvernig hann kom sér í bikiníuð var ekki eftir hafandi en þeir sem heyrðu hana veltu um af hlátri. Svo fór hann upp á hraunið og hljóp eftir rennandi hrauninu, á sandöllum. Hann slapp með það því hann hljóp akkúrat þar sem skorpan var byrjuð að harðna. En hún var alveg sjóðandi heit. Hann hefði ekki komist mikið fleiri metra því hann var búinn að brenna sig í gegnum sandalana,“ segir Ómar og skelli hlær.

Komst hann alveg óskaddaður frá þessu?

„Já, hann komst algjörlega óskaddaður frá þessu. En allir ferðamennirnir sem voru þarna að fylgjast með gosinu voru þrumulostnir að sjá þessi ósköp.“

Sagnameistari

Frásagnarhæfileiki Lúdvíks er eitt af því sem margir af samferðamönnum hans hafa talað um. Ómar tekur undir það.

„Ég hef aldrei heyrð í jafn góðum sagnameistara og Lúlla. Engan sem kemst í líkingu við hann. Að kynnast Lúlla gaf mér innsýn í það hvernig Íslendingasögurnar urðu

til. Það var líka óvenjulegt, og eiginlega einstætt, hvað hann var góður að segja sögur á ensku. Lúlli fór á tvö stór mót í svifflugi erlendis. Í lokahófunum á báðum mótunum hélt hann sölunum gapandi af spennu og undrun. Hann var ennþá betri á ensku en íslensku. Hann laug sig meira að segja inn í Royal Air Force Club, en þar voru aðeins Þorsteinn Jónsson og gömlu ásarnir.“

Ómar lagði þessar sögur Lúdvíks á minnið og skrifaði niður stikkorð. Eina slíka endursagði hann á bloggsíðu sinni árið 2010. Þar segir:

„Ein af mörgum sögunum af ævintýrum Lúlla upp úr miðri síðustu öld var þegar hann var að keppa á alþjóðlegu svifflugmóti, en misreiknaði sig eitthvað og varð að lenda á öryggissvæði kjarnorkuvers.“

Poka í Eyjum

Tvær af sögunum um Lúdvík rötudu í bókina Í einu höggi sem gefin var út árið 1990. Það er skáldsaga en persónan Baróninn er byggð á Lúdvíki. Í þeirri bók er saga byggð á atviki sem varð í Vestmannaeyjum. Ómar segir við DV:

„Hann kom eitt sinn til Vestmannaeyja þegar Sumargleðin var þar. Þá var þokan alveg niður í braut, algerlega ólendandi. En svo kom hann plaffandi inn. Ég var síðasti maður inn á undan honum og skildi ekkert í því þegar maðurinn mætti. Þá hló hann og sagðist hafa verið heppinn að það hafi verið farið að skyggja. „Nú?“ spurði ég, „Hvernig stendur á því að það sé betra?“ Þá sagði hann: „Ég bað flugumferðarstjórnann að kveikja á ljósunum. Svo flaug ég undir þokunni að hamrinum austanverðum, sem er hundrað metra hár, og þá sá ég ljósin upp í þokunni. Þegar ég kom að endanum á hamrastálinu þá lyfti ég vélinni upp og lét hana detta inn á endann. Nú man ég það, hann sá mig náttúrulega aldrei. Ég þarf að láta hann vita að ég sé lentur.“ Hann var alveg einstakur,“ segir Ómar og hlær.

„Hin sagan í bókinni var byggð á partíi á Akureyri. Lúlli hélt okkur þá vakandi til morguns. Hann lifði svo hratt og svo æðislega.“

„Trúir þú ekki þessu? Þá skal ég segja þér annað“

Ómar segir að Lúdvík hafi aðallega flogið vélum Sverris Þóroddssonar, tveggja hreyfla vélum af gerðinni Cessna 310.

„Við flugum einu sinni saman frá Akureyri til Reykjavíkur. Við vorum í blindflugi en hann sagði sögur allan tímann. Hann var svo upptekinn við það að allt í einu vorum við komnir á hvolf og þá þurfti hann að rétta sig af. Þetta gerðist ítrekað. Ég held að við höfum verið hálf leiðin á hvolfi.“

Eru einhverjar sögur ýktar?

„Já. Lúlli ýkti sínar sögur og notaði sérstaka aðferð við að fá fólk til að trúa þeim. Hann sagði einhverja sögu sem var svo fáránlega ýkt að maður sagði: „Lúlli, láttu ekki svona, það trúir þessu ekki nokkur maður.“ En þá kom alltaf sama svarið: „Trúir þú ekki þessu? Þá skal ég segja þér annað.“ Þá kom saga sem var enn ótrúlegri og hún var sögð til að gera þá fyrri sennilegri. Þannig gat hann bætt í sögurnar aftur og aftur og í lokin var maður orðin alveg sannfærður um að fyrstu ein eða tvær væru dagsann-

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Allir út að hjóla
með **TUDOR**



Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

Eitt mesta úrval
landsins í allar gerðir faratækja

Bíldshöfði 12 - skorri.is - 5771515

Allir ferðamennirnir sem voru þarna að fylgjast með gosinu voru þrumulostnir að sjá þessi ósköp.

ar. Ég man ekki eftir að hafa heyrt nokkurn mann haft slíkt vald á frásögunum eins og Lúlla," segir Ómar.

Hasar á Grænlandi

Einhver mesti hasarinn sem Lúðvík lenti í var í Grænlandi sumaríð 1974 en þá munaði minnstu að hann og tveir félagar hans yrðu undir flóðbylgju þegar ísjaki skall í hafið. Var þessu lýst í Morgunblaðiinu þann 21. ágúst árið 1974.

Lúðvík, ásamt Páli Kristjánssyni flugmanni, Hannesi Thorarensen fallhlífarstökkvara og þýskum manni að nafni Thomas Gruler, héldu til Grænlands í tengslum við flugvallargerð í Nansensfirði. Voru þeir á Cessnu-vél í eigu Austurflugs og voru að athuga skilyrði til gerðar flugbrautar í firðinum. Þegar þeir höfðu fundið stað flaug Páll með Hannes til Ísafjarðar en Lúðvík og Thomas urðu eftir á Grænlandi. Þegar vélin sneri aftur frá Íslandi til að sækja þá hvarf hún í mikilli þoku. Voru þá sendar leitarmenn frá Keflavíkflugvelli og fannst vélin loks í Nansensfirði, á hvolfi.

Var send þýrla frá Kulusuk til að sækja mennina og vél frá Sverri Þóroddssyni send frá Íslandi til að sækja þá til Kulusuk. Þegar þeir lentu loks í Keflavík höfðu þeir sögu að segja. Lúðvík og Páll sögðu að landing Páls hefði gengið að óskum en vélinni hefði hvolft í reynsluflugi.

„Við vildum kanna hvernig flugtakið gengi, og þyngdum við vélinna með bensíntunnu, en dr. Gruler beið á jörðinni. Flugtakið gekk að óskum, og síðan komum við aftur til landingar. Gekk það vel í fyrstu, en þegar vélin var komin að því að stöðvast, sprakk á vinstri hjólbardða, og skipti þá engum togum, að hjólið

grófst niður, vélin fór út af brautinni, og hvolfdi," sögðu þeir við Morgunblaðið.

Flóðbylgja skellur á

Þegar þeir komust út úr vélinni sáu þeir að skrokkurinn var ekki mikið skemmdur en annar hjólbardinn ónýtur. Var þá Þjóðverjinn Gruler sendur upp á næsta fjall með neyðarsendi en hann var þaulvanur fjallgöngumaður. Lúðvík sagði:

„Aftur á móti fórum við að taka ýmislegt úr vélinni. Það fyrsta, sem við tókum, voru framsætin og síðan fengum við okkur sæti í þeim og byrjuðum að lesa nýjustu blöðin, sem Páll hafði komið með frá Ísafirði.“ Sáu þeir þá illan fyrirboða, þrjú hrafnar sem flugu að þeim og létu öllum illum látum. „Ég var byrjaður á annarri síðu Morgunblaðsins þegar gífurlegir skruðningar í skriðjöklinum byrjuðu, og skipti það engum togum, að ísborg á stærð við fjall steypist í sjóinn. Þarna kom hún niður 10-20 kílómetra í burtu frá okkur, og við höfðum ekki miklar áhyggjur.“

Þeir hefðu þó mátt hafa meiri áhyggjur af þessu. Lúðvík hélt áfram:

„Fyrstu sekúndurnar gerðist ekkert annað á firðinum, nema hvað litlir ísjakar voru á hoppi um allt og tókum við eftir því, að þeir hækkuðu á sjónum, þegar miðað var við borgarísjakana. En fyrir en varði var sjórinn kominn upp á fjörukampinn fyrir framan okkur, en hann var í um 1 metra hæð yfir sjónum áður. Við áttuðum okkur strax, gripum það lauslegt, sem var í kringum okkur, og tókum á rás. Heil flóðbylgja og ísjakar eltu okkur, en við náðum upp á hól, sem var þarna skammt frá, í tæka tíð, en þá voru fyrstu jakarnir ekki nema 2-3 metra á eftir okkur. Höfum við sennilega sett Íslandsmet á þessari vegalengd. Það, sem við gátum gripið með okkur, voru neyðarblys, matarpakki, ríffill og álsvefnpokar. Það kom í ljós að við höfðum týnt myndavélinni, kík og fleiru.“

Gruler kom hlaupandi niður af fjallinu þegar hann sá flóðbylgjuna skella á. Hélt hann að Lúðvík og Páll hefðu orðið fyrir henni og væru ekki á lífi. Taldi hann að sjórinn hafi gengið 100-200 metra í loft upp þegar ísfjallið brotnaði.

Félagarnir týndu munum í bylgjunni og flugvélin gjöreyðilagðist. Þeir gátu þó tekið hitamæli, áttavita, klukku



Hella 1970 Lúðvík á bikiñi.



Ég held að við höfum verið á hvolfi hálfra leiðina.

og fleira úr henni. Gátu þeir komið sér upp vísi að veðurathugunarstöð. Þá ristur þeir klæðninguna af vélinni og tóku allt sem hægt var að brenna, hjólbardða, felgur og fleira.

Um nóttina sváfu þeir úti í miklum kulda og raka. Skiptust þeir á að vaka og vaktmaður var með ríffilinn til að verjast hvítajörnum. Þeir sáu engar flugvélar fyrir en Herkúlesvél varnarliðsins kom um hádegis tíð næsta dag. Flugmennirnir köstuðu neyðarpakka með mat, talstöð, sigarettum og fleiru til þeirra. Um kvöldið kom danska þýrlan frá Kulusuk að sækja þá.

Slysið á Kjalarnesi

Í nóvember árið 1974 greindi Morgunblaðið frá því að Lúðvík og Kristján S. Helgason, framkvæmdastjóri hefðu fest kaup á ellefu sæta þýrlu frá Orlando í Flórídafylki. Var hún af gerðinni Sikorsky 55, eða S-55, sömu tegund og varnarliðið á

Keflavíkflugvelli hafði áður notað. Höfðu veitustofnanir sýnt áhuga á að nota vélinna í tengslum við margs konar framkvæmdir í byggð og óbyggðum.

Þýrlan hafði ekki farið nema nokkrar ferðir þegar hún hrapaði til jarðar, þann 17. janúar árið 1975. Með henni fórust Lúðvík, Kristján og fimm starfsmenn rafveitunnar. Ferðinni var heitið til Vegamóta á Snæfellsnesi þar sem rafveitustarfsmennirnir ætluðu að fylgjast með framkvæmdum. Nokkrum mínútum eftir flugtak heyrðist dauft kallmerki frá þýrlunni en síðan ekkert meir.

Þýrlan hrapaði skammt frá bænum Hjarðarnesi á Kjalarnesi og töldu sjónarvottar að flugmaðurinn hefði misst stjórna á vélinni, hugsanlega vegna sviptivinda. Í tryggingamáli fyrir hæstarétti árið 1983 var talið að ekki hefði verið um gáleysi að ræða.

Slysið á Kjalarnesi mark-



Lúðvík Karlsson Lífsglaður ævintýramaður.

aði djúp spor fyrir alla viðkomandi. Lúðvík skyldi eftir sig konu og þrjú ung börn og allt flugsamfélagið minnst hans. Ómar Ragnarsson þar á meðal.

Verður þér oft hugsað til hans? „Já, svo sannarlega,“ segir Ómar. „Þann dag þegar Lúlli hefði orðið fimmtugur komum við allir úr fluginu saman til að minnst hans. Það var athöfn niðri í bæ og upptaka í gangi. Ég rifjaði þá upp allar þær sögur sem ég mundi eftir.“ ■

TÖKUM AÐ OKKUR ALLAR ALMENNAR FATAVIÐGERÐIR

Saumastofa ÍSLANDS

Erum á Malarhöfða 2

8941825

KÚLUNUM RIGNDI INN Í STJÓRNKLEFANN

Mörg ævintýri Þorsteins Jónssonar

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þorsteinn Elton Jónsson er hvað þekktastur fyrir að hafa barist með breska flughernum í seinni heimsstyrjöldinni. Hér á Íslandi var hann kallaður Steini flug en í Bretlandi Tony Jónsson. Hann átti enska móður og vildi gerast orrustuflugmaður en fékk þau svör hjá ræðismanninum hér að hann væri ekki gjaldgengur í flugherinn vegna þess að Íslendingar væru ekki aðilar að stríðinu. Átján ára fór hann hins vegar pappírslaus til Bretlands og foreldrar hans beittu sér fyrir því að hann fengi leyfi.

Í breska flughernum og Kongó

Tony var þjálfaður í Skotlandi og fyrstu verkefni voru að varpa sprengjum yfir herstöðvar og birgðastöðvar Þjóðverja í Frakklandi og Niðurlöndum. Síðar var hann færður til Norður Afríku þar sem hann skaut niður sínar fyrstu vélar. Alls skaut hann átta vélar niður á pappírnum, en Tony sjálfur sagði síðar að þær hefðu verið fleiri.

Eftir stríðið gerðist hann formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna og fyrsti formaður Flugbjörgunarsveitarinnar. Ævin-

týrin héldu áfram að kalla í hann og hann gerðist um tíma einkaflugmaður Patrice Lumumba, forsætisráðherra belgísku Kongó. Árið 1961 var Lumumba tekinn af lífi í stjórnarbyltingu.

Bíafra

Mesta ævintýrið á flugferli Þorsteins var hins vegar þegar hann flaug í Loftleiðafluginu til Bíafra. Árið 1967 braust út borgarastyrjöld í Nígeríu og Bíafrahérað lýsti yfir sjálfstæði. Stjórnarherinn setti héraðið í kví og íbúarnir sultu til bana. Þá sendu kirkjusambönd Vesturlanda neyðarvistir með flugi til héraðsins.

Flugið var gríðarlega hættulegt því að nígeríski stjórnarherinn skaut á vélarnar. Nokkrar þeirra fórust fyrir vikið. Þurftu flugmennirnir oft að fljúga á nóttunni og flugbrautirnar ekki lýstar upp fyrir en rétt fyrir landingu. Nokkrir Íslendingar, þar á meðal Þorsteinn, tóku þátt í því.

Kúlum rigndi inn í stjórnklefann

Þorsteinn flaug 413 sinnum til Bíafra á tveimur árum, frá 1968 til 1970. Síðasta flug Þorsteins til Bíafra var sérlega háskaleg þar sem stjórnarherinn gerði árás. Þorsteinn og hans fólk átti að

Tíu urðu fyrir byssukúlum og slösuðust. Þá eyðilögðust tveir af fjórum hreyflum vélarinnar í skothríðinni.

sækja 50 hjálparstarfsmenn sem orðið höfðu innlyka í bænum Uli. Þegar komið var þangað voru þar hins vegar innfæddir í vanda, af báðum kynjum og öllum aldri.

Stjórnarherinn skaut að fólkinu sem var drifið inn í vélina. Síðan var rokið af stað. Tíu urðu fyrir byssukúlum og slösuðust. Þá eyðilögðust tveir af fjórum hreyflum vélarinnar í skothríðinni. Þegar búið var að loka vélinni beindist skothríðin að stjórnklefanum sjálfum þar sem flugmennirnir Þorsteinn og Einar Guðlaugsson sátu.

Ein kúlan kom inn rétt við höfuð Einars. Önnur á handfang sem splundraðist og Þorsteinn fékk flís í höndina. Nokkrar fleiri kúl-



ur komu inn um stjórnklefann og oft mátti litlu muna að sögn Þorsteins. Hann lýsti þessu í ævisögu sinni sem hann skrifaði snemma á tíunda áratugnum.

Talið er að neyðaraðstoðin hafi bjargað einni milljón mannlífa og reynsla Þorsteins kom að góðum

notum. Bæði við flugið sjálft og til að kenna yngri mönnum.

Eftir þetta ævintýri flutti Þorsteinn til Lúxemborgar og starfaði þar til ársins 1987. Alls flaug hann í 47 ár og skilaði 36 þúsund flugtímum. Þorsteinn lést árið 2001, átt-ræður að aldri. ■

LOFTFARIÐ GRAF ZEPPELIN Í REYKJAVÍK

Fimmtudaginn 17. júlí árið 1930 sáu íbúar Reykjavíkur hlut, sem líktist helst geimfari, fljúga í áttina að borginni. Þetta var hið tignarlega þýska loftfar, Graf Zeppelin, eða eins og Íslendingar kölluðu það, Zeppelin greifa. Hornfirðingar höfðu fyrst séð farið og sendu tilkynningu um það til Reykjavíkur. Í blaðinu Fálkanum var skrifað:

„Hægt og hátignarlega færðist hann nær og gljáði á gráan skrokkinn í sólskininu. Flaug hann nokkurra stund mjög hægt yfir borgina í stórum hringjum og þótti öllum það fögur sjón og mun hún flestum ógleymanleg er sáu, enda hefir Ísland aldrei fengið merkilegri heimsókn loftleiðis en í þetta sinn. Stærð loftskipsins er gífurlega mikil og sáu menn það

best af samanburði við „Súluna“ okkar, er hún sveimaði í kringum skipið til þess að fagna því.“

Loftfarið hét formlega LZ 127 Graf Zeppelin og var smíðað tveimur árum áður. Það var not-

að vel fram á valdatöku nasista en flaug sína hinstu ferð árið 1937. Alls flaug Graf Zeppelin 590 ferðir. Farið var nefnt í höfuðið á uppfinningamanninum og hönnuðinum Ferdinand von Zeppelin, sem

lést árið 1917.

Fánar voru dregnir að hún í Reykjavík þegar Zeppelin greifi flaug yfir borgina. Hélt það í norður og sást skömmu seinna frá Akranesi. ■

Tignarleg sjón
Ægir 1. júlí 1930.



ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAEDU**

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



SOFA DAGAR

Mikið úrval af sófum og heilsurúmum á frábæru verði



BODYPRINT **Reverie**

STILLANLEG HJÓNARÚM

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hjólólátir og kraftmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



MIKIÐ ÚRVAL SVEFNSÓFAR - LEÐURSÓFAR - HORNSÓFAR O.FL.

10-50% afsláttur

20%
AFSLÁTTUR



Hornsófi hægri eða vinstri
Verð áður kr. 249.900.-
Nú aðeins kr. 199.920.-



Malmö hvíldarstóll m/hnappi
m/mjög sterku tauáklæði
Verð áður kr. 69.900.- Nú aðeins kr. 59.415.-



Stockholm hvíldarstóll
rafdrifinn m/mjög sterku tauáklæði
Verð áður kr. 99.900.- Nú aðeins kr. 59.940.-



2ja sæta sófi m/slitsterku áklæði
Verð áður kr. 59.900.- Nú aðeins kr. 29.950.-



Tungusófi m/slitsterku áklæði
Verð áður kr. 99.900.- Nú aðeins kr. 49.950.-



3ja sæta sófi grár m/slitsterku áklæði
Verð áður kr. 69.900.- Nú aðeins kr. 34.950.-



Chesterfield sófi m/slitsterku áklæði
Verð áður kr. 89.900.-
Nú aðeins kr. 44.950.-



Sorento tungusófi,
há-gæða ítalskt leður, svartur eða hvítur
Verð áður kr. 289.900.- Nú aðeins kr. 245.415.-



Roberto hvíldarstóll, leður, 5 litir.
Fallegur há-gæða rafdrifinn stóll
Verð áður kr. 179.900.- Nú aðeins kr. 159.415.-

12 mán.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00



vefverslun
svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: | Húsgagnavali - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Barnastjarnan sem lenti í árekstri í Frakklandi

■ Kolbeinn Sigbórsson segir sögu sína ■ Besta stundin á ferlinum í Nice

Kolbeinn Sigbórsson er 29 ára gamall landsliðsmaður Íslands í knattspyrnu. Hann hefur upplifað allar hliðar fótboltans og hefur náð ótrúlegum árangri bæði með félagsliði og landsliði. Hann hefur einnig upplifað ótrúlega erfiða tíma, hann óttaðist að þurfa að hætta í fótbolta eftir meiðsli sem hrjáðu hann í tæp þrjú ár. Hann er hins vegar að komast á fullt aftur og er mættur til AIK í Svíþjóð og er með íslenska landsliðinu í næsta verkefni, gegn Albaníu og Tyrklandi, í undankeppni Evrópumótsins.

Barnastjarnan

Kolbeinn var algjör barnastjarna, það sást strax að hann hefði hæfileika til að komast í fremstu röð. „Þetta var alveg þannig. Það voru miklar væntingar gerðar til manns eftir því sem maður vann fleiri mót og skoraði fleiri mörk í yngri flokkunum. Maður fann það alveg að það var komin auka pressa að skora tíu mörk í leik, það voru settir þrír leikmenn á mig í hverjum leik. Foreldrar að öskra inn á völlinn, „tæklið hann, út með hann“ og eitthvað svona. Maður fann það alveg. Þetta eru mínar bestu minningar, Shellmótið, Essómótið og öll þessi fótboldmót þegar maður var yngri. Þegar maður lítur til baka þá er geggið að upplifa svona góða æsku, þar sem maður var í sviðsljósinu líka. Það er gaman að því. Það hefur alltaf verið smá auka pressa á mér,“ sagði Kolbeinn í hlaðvarpsþætti okkar 90 mínútum, sem nálgast má á vefnum.

Van Gaal öskraði á hann

Kolbeinn var mjög eftirsóttur þegar hann var 16 ára gamall, stórlíð á borð við Arsenal, Inter og Celtic vildu fá hann. Það var hins vegar fundur með Louis van Gaal, hjá AZ Alkmaar sem sannfærði hann um að fara til Hollands. „Það er þvítíkur agi í honum. Ef þú gerir mistök á æfingum þá stoppar hann æfinguna og öskrar á þig. Menn þurfa að vera á tánum. Sérstaklega þegar ég kom þangað frá því að æfa með HK, með fullri virðingu fyrir þeim, og fara svo á æfingu hjá Louis van Gaal, í þvítíkan hraða í Meistaradeild. Það tók mig tíma að venjast því. Ég fékk helling af drulli yfir mig frá honum. Það var bara gott spark í rassgatið, það tók mig tíma að venjast boltanum í Hollandi. Eftir 3-4 mánuði var ég að æfa á miklu hærra stigi en áður og farinn að fá svona lítil meiðsli, sem verða svo stór á endanum. Ég held að ég hafi farið í þínu ofþjálfun. Ég var ekki klár að taka þetta skref, æfingalega séð.“

Gat ekki horft á spyrnuna

Árið 2011 var Kolbeinn keyptur til stórlíðs Ajax, hann fékk treyju númer 9, það er ábyrgð sem fylgir þeirri treyju. Kolbeinn lék í fjögur ár með félaginu, varð þrisvar sinnum meistari og spilaði í Meistaradeildinni. Það er vítaspyrna frá 2013 sem situr í honum enn í dag, hann klikkaði gegn Barcelona á Nou Camp. „Hún situr enn í kollinum. Ég held að ég hafi ekki horft á þetta víti fyrr en bara einhverju hálfu ári seinna, þá var ég fyrst kominn yfir það. Þetta er hluti af þessu en það var hrikalega svekkjandi að fá þetta tækifæri, víti á Nou Camp. Við áttum ekki séns í þessum leik en að eiga það á ferilskránni að skora í Meistaradeildinni... þetta er svekkjandi. Það er enn tími til að skora í Meistaradeildinni.“

Toppurinn á ferlinum í Nice

Kolbeinn var einn besti leikmaður Íslands á Evrópumótinu í Frakklandi árið 2016. Hann skoraði meðal annars í mögnum sigri á Englandi. „Það mark stendur klárlega upp úr á ferlinum. Við fengum mark á okkur eftir 8 mínútur eða eitthvað og þá hugsaði maður með sér: „shit, týpískt eitthvað“. Svo kviknar eitthvað hjá okkur, við komum til baka á hárréttu augnabliki, strax í grímuna á þeim, 1-1. Þá finnur maður það bara að við erum komnir með augnablikið og þegar þú ert inni á völlum þá finnur þú það. Þú horfir í augun á leikmönnum og sérd að þessir gæjar ætla ekkert að tapa þessum leik. Þannig hugsuðu Englendingar, held ég, þegar þeir fundu fyrir orkunni í okkur. Það er erfitt að spila gegn svona liði. Að ná þessum úrslitum þarna og skora sigurmarkið, það er algjörlega toppurinn á ferlinum hjá mér.“

Heppinn að sleppa ómeiddur frá árekstri í Frakklandi


Kolbeinn gekk í raðir Nantes í Frakklandi árið 2015. Þann tíma vill hann sem minnst ræða. Það

gekk ekkert upp, hann meiddist illa og forseti félagsins fór fram af mikilli hörku í samskiptum við Kolbein. Hann yfirgaf félagið loks í mars, eftir erfiða tíma. Fáir vita að þegar Kolbeinn var að ganga í raðir félagsins lenti hann í hörðum árekstri. Hann var farþegi í bíl á leið frá flugvöllum. „Ég vil helst tala sem minnst um þennan tíma, en jú þegar ég kem þarna þá lenti ég í árekstri á leið í læknskóðun. Það er ekkert besta byrjunin. Það var alveg bara mikill árekstur og ég er heppinn að það hafi ekki farið verr. Það kannski segir svolítið um tímann hjá Nantes. Ég byrjaði á árekstri.“

Sumarið 2018 breyttist allt hjá Nantes. Kolbeinn var að komast í gott form og fyrir sumarfrí virtist allt vera í blóma. Þegar hann kom til baka úr frí, var allt breytt. „Þeir eru mjög ánægðir með mig. Ég fer á fundi með syni forsetans og Claudio Ranieri talar við fjölmiðla, segir að hann sé ánægður með mig og að allt sé í toppstandi. Svo kem ég til baka úr frí og þá er ég settur út úr liðinu. Það var kominn nýr þjálfari og þar snýst þetta. Það er þannig í nokkra mánuði. Ég skil ekki ástæðuna, af hverju þetta varð svona. Það var engin ástæða.“

Kolbeinn gekk í raðir AIK í Svíþjóð fyrir tveimur mánuðum, hann elskar lífið á nýjum stað. „Allt við klúbbinn er frábært. Þeir eru fyrst og fremst á grasi, þeir æfa og spila á grasi. Fyrir minn líkama er það mun betra. Þeir eru í Meistaradeild, eru meistarar og spila á flottum velli. Umhverfið í kringum liðið er frábært. Maður fann það þegar maður mætti þarna að þetta er stórlíð í Skandinavíu. „Það er æðislegt að búa í Stokkhólmi. Þetta er geggjúð borg og fólk er næs. Þetta er þínu eins og maður sé heima á Íslandi.“ ■

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



DROPI FRÁ TRUE WESTFJORDS:

Kaldunnið vestfirskt þorskalýsi

Dað þarf ekki að segja okkur Íslendingum hversu hollt lýsi er og stútfullt af vítamínum og omega fitusýrum. Þetta höfum við vitað frá blautu barnsbeini. Hins vegar kemur það mörgum á óvart að framleiðsluhættir á lýsisolíu hafa breyst töluvert frá því forfeður okkar höfu fyrst að nýta þorsklifur. Olían var unnin vegna þeirrar ómetanlegu uppsprettu A- og D-vítamíns sem lýsi er en einnig sem olía fyrir lýsislampa.

Hugmynd að framleiðslu eftir alda-gömlum aðferðum

Stöllurnar Anna Sigríður Jörunds-dóttir, Birgitta Baldursdóttir og Sigrún Sigurðardóttir kynntust í MBA-námi í Háskóla Íslands. Hugmyndina að lýsisframleiðslu tóku þær sem frumkvöðlaverkefni í náminu og eftir að námi lauk fóru þær af stað og kynntu sér framleiðslu á lýsi í heim-inum. Lýsi var alla jafna framleitt úr þorsklifur þar sem heilsuþættandi olíur lifrarinnar voru einangraðar.

Þannig er það ekki í dag því algengt er að notast við búklýsi úr ýmsum fisktegundum. Eftir það varð ekki aftur snúið og stofnuðu þær fyrirtækið True Westfjords árið 2012, þar sem lýsi er framleitt á upprunalegri máta en venja var.

„Við sáum að framleiðslan á lýsi var komin svolítið langt frá því sem tíðkaðist hér áður fyrr og langaði að bjóða upp á vöru þar sem hugmyndin að framleiðslunni var byggð á gömlum aðferðum.“

Lýsið eins náttúrulegt og hægt er

True Westfjords er staðsett í Bolungavík og lifrin sem unnið er með kemur úr þorski (*Gadus morhua*) og er það eingöngu sú lifur sem notuð er við framleiðslu Dropalýsis. Lifrin er tekin beint af dagróðrabátum Bolvíkinga og hráefnið því eins ferskt og það getur orðið. True Westfjords er meðlimur í IRF (Iceland Responsible Fisheries) og er hráefnið keypt beint af fiskmarkaði og rekjanlegt beint á bát. Þegar lifrin kemur í vinnslu fer hún í kaldskiljun og kaldhreinsun þar sem mesta fitan er skilin frá. Við vinnslu er hráefnið unnið við lágan hita og aldrei meiri en 42°C. Við þessa aðferð varðveitist ferskleiki lýsisins auk mikilvægra næringarefna líkt og A- og D-vítamíns og annarra dýrmætra fitusýra. Lýsið verður því eins náttúrulegt og hægt er. Olían er svo hreinsuð af þrávirkum efnum samkvæmt evrópskum reglum. Þar sem olían er kaldpressuð við lágt hitastig telst hún því til jómfrúarolíu. „Þess má geta að Dropalýsi er ekki vítamínþætt, enda stútfullt af vítamínum nú þegar. Þó getur vítamínmagn sveiflast á milli árstíða en þannig er það í náttúrunni með lifrina í þorskinum. Þess vegna er stuðst við meðaltalsmagn vítamína á umbúðum vörunn-



ar. Litur og bragð getur breyst á olíunni milli framleiðslu allt eftir því hvaða æti þorskurinn kemst í,” segja þær. Gelatínið sem notað er í lýsishylkin er einnig unnið úr fiski og er varan því 100% fiskafurð. Flestir framleiðendur nota gelatín unnið úr nauti eða svini.

Nældu þér í flösku af hreinni náttúruafurð

„Framleiðsla Dropa ræðst af eftirspurn og sitjum við aldrei á stórum lager enda er þetta ferskvara. Okkar stærstu markaðir í dag eru Bandaríkin og Bretland. Einnig seljum við m.a til Ástralíu, Hong Kong og Hollands, og auk þess á heimasíðu okkar, dropi.is.“ Á Íslandi fæst Dropi í betri apótekum, heilsuþúðum, einstaka matvöruverslunum og Frihöfninni.

Nýjar tegundir á markað

Nýlega bættust við þrjár spennandi vörutegundir á markað. Þetta er Dropalýsi með bragðefnum úr lifrænum kjarnaolíum sem er unnið er úr fersku engifer, fenniku og ferskri grænmyntu. Fennil og engifer fást í 220 ml. flöskum. Fennika ber milt eftirbragð af lakkrís og engifer ber milt sitrus eftirbragð. Grænmynta eða spearmint fæst í hylkjum í 60 stk. þakkingum og er hugsað fyrir neytendur sem t.d. eru með bakflæði og finnst óþægilegt þegar fiskikeimurinn kemur upp. „Við höfum fengið hrós



fyrir þessar bragðtegundir. Varan er sérstök og því vildum við hafa sérstakar bragðtegundir fyrir þá aðila sem ekki vilja fiskibragðið. Við viljum ekki gera eins og allir hinir,” segja þær að lokum.


Hefur þú smakkað Dropa?

Nánari upplýsingar má nálgast á dropi.is

Hafnargata 76b, 415 Bolungarvík
Netpóstur: truewest@truewest.is



Helgarkrossgátan

| | | | | | | | | | | | | |
|---|--------------------------------------|-------------------|---------------|-----------------|------------|-----------------|----------------|---------|-------------|-----------------|---------|--|
|  | → | pysjan | einnig | hnappurinn | | | | | | | | |
| | | afkimi | | | | | | | 4 | | | |
| | | slefa | | | | | | | | | | |
| | | umfram | | | | | druna | | | | | |
| | | bæta | | | | | | | | | | |
| | | 4 eins | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | væl | | | | ávöxtur | |
| Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð | krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510 | skurðinn | gönuhlaup | vatnaveru | þjóð | 3 eins | skert saxar | | | | | |
| Hofundarrettur skilyrtur. | ✓ | | | | 8 | | ← | | | gegnt | | |
| áköllin | | | | | | | 11 | | 2000 plokka | | | |
| freri | | | safn kexið | 6 | | | sansa | | | | | |
| tíf | | | | | duglega | hamar | 1 | | | | | |
| skel | | | | vitstola jökull | | | hærra | | | aðförin | | |
| | ↓ | eldsneyti fuglinn | 9 | | | vankar gramsaði | | | | | | |
| marrar | | 3 | | | | | bakki álit | | | | ísaða | |
| stök | | | | auða liðuga | | | | | 2 eins | | | |
| röð | | | klæðir eyddur | | | | | | | samtök fóðra | | |
| maður | | | | | áflog anga | | urpt uppnefnið | | | | | |
| | | lesturinn knáar | | | | | bundið 2 eins | | | | | |
| málæðið | | | | | | | | | | stefna mann | | |
| | | 5 | kona | | framkvæma | | merkti 4 eins | | | krækja | skítugt | |
| skrapar | | | | | | | | veifu | | | | |
| skáld | | | áttund | 2 | stuldur | | | | | borðandi 2 eins | | |
| pirrar | | | | | | | | slælega | | | | |
| huglausa | | | | | afлагаð | | 10 | | | | | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|

Sudoku

Auðveld

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 2 | | | | | 3 |
| 5 | 8 | | | | 4 | | 9 | |
| | | | 7 | 8 | | 5 | | |
| 3 | | 2 | | | | | 7 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | | | | | | |
| 7 | | | 9 | 1 | 2 | | 4 | |
| 8 | | | | | | 2 | 3 | 7 |
| | 2 | | 4 | 6 | | 8 | | |
| | | 3 | | | | | 1 | |

Erfið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 4 | | | 9 | | | |
| 3 | | | 1 | | | | 7 | 9 |
| | | 2 | | 4 | | | | |
| 4 | | 7 | | 5 | | | | |
| 5 | | | | | 6 | | 8 | |
| | | | 8 | | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 5 | | 4 | 3 | | |
| | | | 9 | | | | 5 | |
| | | | 3 | | | 9 | | |

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is




FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sólveig Lilja

Lausnarorðið var **HAFRAKEX**

Sólveig hlýtur að launum bókina Blá, Höfundar: Maja Lunde



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Mordíð í Snorra-laug**: Stella Blómkvist #10

DJÖFULS PRUMPHANAR!

Stella Blómkvist slær ekki slöku við. Að þessu sinni tekst hún á við raðnaudgara í ungliðahreyfingu stjórnmálaflokks, óvægna aðför að sómamanni úr flokki prúðupilta og garfar í máli konu sem var ranglega dæmd fyrir morðtilraun á bokkafullum einkabjálfa. Síðan er það auðvitað þetta lík sem hún fann í Snorra-laug með öxi í brjóstinu – sem hefur greinilega ekki legið þar síðan á Sturlungaöld. En erfiðasta málið bíður hennar þó heima fyrir.

Mordíð í Snorra-laug er tíunda bókin um stjórnlögmenninn og háskakvendið Stettu Blómkvist sem geysist leðurklædd um á silfurfáki og tekur bæði harðnúnustu bófa og kerfiskalla í nefið.

HÖFUNDUR: STELLA BLÓMKVIST



MARGAR TEGUNDIR & MARGIR LITIR AF FYRIRTÆKJAFATNAÐI

Við hjá saumastofu Íslands aðstoðum þig við val á hágæða starfsmannafatnaði

VÖRUR Í BOÐI MEÐ EÐA ÁN
MERKINGA

VINSÆLAST
TIL MERKINGA HJÁ FYRIRTÆKJUM

STUTTERMABOLIR



POLOBOLIR



HETTUPEYSUR



PEYSUR



HÚFUR



HANSKAR



BARNAPEYSUR



BARNABOLIR



SAKAMÁL



Í október 2009 hurfu hjónin Bobby og Sherilyn Jamison og 6 ára dóttir þeirra Madysen sporlaust en fjölskyldan var búsett í bænum Eufaula í Oklahomafylki. Nokkrum dögum síðar fannst bíll þeirra við afskekktan veg, í rúmlega klukkutíma akstursfjarlægð frá heimili þeirra. Fjölskyldan hafði nýlega verið á svæðinu og hugðust festa þar kaup á landsvæði. Engin merki voru um átök. Í bílnum voru allir persónulegir munir hjónanna, veski, símar, GPS-tæki og var bíllykilinn ennþá í skránni. Þá fannst fjölskylduhundurinn í bílnum, nær dauða en lífi.

ÓUPPLÝST GLÆPAMÁL

■ Mæðgur hurfu sporlaust ■ Blásýra í lyfjahylkjum

Fátt veker meiri óhug en óleyst glæpamál. Eftir því sem tíminn líður minnka líkurnar á að ráðgátan leysist. Hvarf bresku stúlkunnar Madeline McCann í Portúgal er án efa eitt þekktasta málið sem upp hefur komið seinustu ár. Hér fyrir neðan má lesa um nokkur dæmi í viðbót.

Hurfu sporlaust

Þann 7. júní 1992 hurfu þrjár konur í bænum Springfield í Missouri. Þetta voru þær Sherrill Levitt 47 ára, dóttir hennar Suzie Streeter 19 ára og vinkona hennar Stacy McCall, 18 ára.

Um ellefuleytið að kvöldi 6. júní ræddi Sherill við vinkonu sína í síma. Ekki er vitað hvað hún gerði eftir það. Suzie og Stacy saust seinast um tvöleytið aðfaranótt 7. júní, þegar þær yfirgáfu partý í nágrennabæ Springfield. Allt bendir til að þær stöllu hafi því næst farið heim til Suzie.

Morguninn eftir hringdi vinkona Suzie dyrabjöllunni á heimili mæðgnanna en enginn kom til dyra. Engu að síður voru bifreiðar kvennanna fyrir utan.

Móðir Stacy mætti nokkrum klukkustundum síðar til að



grennslast fyrir um dóttur sína og hleypti sjálfri sér inn þar sem útdyrahurðin var ólæst. Enginn var heima. Móðirin hafði samband við lögregluna í kjölfarið.

Lyklar, peningar og veski kvennanna þriggja höfðu verið skilin eftir í húsinu, auk þess sem heimilishundurinn var einn og yfirgefinn. Þá fundust óhreinir þvottapokar með andlitsmálningu á baðherberginu sem bendir til að

vinkonurnar hafi komið heim og gert sig tilbúna í háttinn. Þá benti allt til þess að Sherill hefði sofið í rúminu sína um nóttina.

Á heimili mæðgnanna fundust engin merki um átök eða innbrot og ekkert hafði verið átt við verðmæti í húsinu. Þrátt fyrir fjölda ábendinga og ítarlega lögreglu-rannsókn hefur aldrei tekist að upplýsa hvað varð um konurnar þrjár þessa nótt.



Natalie Wood og Robert Wagner.

Andlát Natalie Wood

Bandaríska leikkonan Natalie Wood lést árið 1981, þá 43 ára að aldri. Hún hafði verið í bátsferð ásamt eiginmanni sínum, sjónvarpsstjórnum Robert Wagner og leikaranum Christopher Walken. Morguninn eftir fannst lík hennar fljótandi í sjónum, 200 metra frá landi við Suður-Kaliforníu. Dánardómstjóri úrskurðaði að hún hefði látist af slysförum. Opinber dánarorsök var sögð vera drukkun.

Ýmsar kenningar spruttu hins vegar upp um hvernig dauða leikkonunnar hefði borið að og vöknudu grunsemdir um að eiginmaður hennar hefði ráðið henni bana. Vitað er að hann var sá sem seinast sá Wood á lífi.

Rúmlega þremur áratugum síðar steig skipstjórinn á bátinum fram og upplýsti að hann hefði heyrt hávært rifrildi frá káetu þeirra hjóna umrædda nótt. Í kjölfarið var málið tekið til rannsóknar á ný og beindist rannsóknin sérstaklega að Wagner. Wagner hefur ávallt neitað allri aðild að dauða eiginkonu sinnar og verið afar ósamvinnuþýður við rannsókn málsins.

Árið 2013 tók annar dánardómstjóri málið til rannsóknar og komst að þeirri niðurstöðu að dánarorsök leikkonunnar væri óljós. Miðað við staðsetningu og fjölda áverka væri líklegast að Wood hefði verið ráðinn bani áður en hún lenti í sjónum.

Í viðtali í sjónvarpsþættinum 48 Hours á seinasta ári sagði John Corina lögreglumaður að enn skorti á að framburður Wagner passaði við framburð vitna í málinu og að svo virðist sem Wagner hafi margoft breytt framburði sínum. Þegar upp er staðið þá passi frásögn hans ekki við atburðarásina. Wagner hefur aldrei ekki verið ákærður og telst málið enn í dag óupplýst.

Tylenol morðin

Árið 1982 létust sex fullorðnir og eitt barn í Chicago. Engin tengsl voru milli fólksins en öll áttu þau það sameiginlegt að hafa tekið inn hylki af verkjalyfinu Tylenol.

Síðar kom í ljós að einhver eða einhverjir höfðu laumað blásýru út í lyfjahylkin. Lyfin sem fólk-ið innbyrti komu frá mismunandi verksmiðjum og voru seld í mismunandi apótekum víðsvegar um borgina. Það var því talið fullvíst að hylkin höfðu ekki verið eitruð í framleiðsluferlinu. Líklegast þykir að einhver hafi farið á milli apóteka og laumað eitrunu í lyfin.

Árið 1986 tilkynnti James E. Burke, formaður fyrirtækisins Johnson & Johnson, að framleiðslu lyfja í hylkjaformi, sem afgreidd væru án lyfseðils hefði verið hætt.

Fljótlega eftir að rannsókn málsins hófst barst lyfjafyrirtækinu Johnson & Johnson bréf frá karlmanni sem játaði að hafa byrjað eitri í lyfin. Krafiðist hann hárrar peningagreiðslu ella myndi hann halda því áfram. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að um blekkingu var að ræða. Málið telst enn í dag óupplýst.

JonBenét Ramsey

Að morgni 26. desember 1996 barst tilkynning til lögreglunnar í Boulder í Colorado fylki að sex ára gamalli stúlku, JonBenét Ramsey hefði verið rænt af heimili sínu. Í örvæntingarfullu símtali til Neyðarlínunnar full-yrti móðir hennar, Patsy Ramsey, að bréf hefði verið skilið eftir í húsinu þar sem krafist var lausnargjalds.

Lögreglan mætti á staðinn og hóf rannsókn en þar sem gengið var út frá því að um mannrán væri að ræða var ekki leitað í húsinu. Síðar um daginn fór John Ramsey, faðir JonBenét, niður í kjallara hússins og fann þar lík dóttur sinnar. Hafði hún verið barin og síðan kyrkt.

Ekkert benti til að brotist hefði

REYKJAVIK
RAINCOATS

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM


AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR

EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSTÖÐ

Þrátt fyrir umfangsmikla leit á svæðinu fannst hvorki tangur né tetur af fjölskyldunni. Fjórum árum síðar, í nóvember 2013, fundust beinagrindur þeirra í fjallshlíð rúmlega fimm kílómetrum frá staðnum þar sem bifreiðin fannst. Lágu beinagrindurnar hlið við hlið með andlitin á grúfu. Jarðneskar leifar þeirra reyndust svo illa farnar að ómögulegt var skera úr um dánarorsök. En hvað var fjölskyldan að gera í lengst úti í óbyggðum? Ymsar getgátur hafa sprottið upp um málið, meðal annars að hjónin hafi sviðsett eigin dauða, ákveðið í sameiningu að taka eigið líf eða verið flækt inn í sértrúarsöfnuð. Í bíl þeirra fannst töluvert af reidufé, sem þótti undarlegt þar sem hjónin voru bæði bótapegar og höfðu lítið á milli handanna. Meðal annars hafa sprottið upp getgátur um þau hafi stundað íkniefnavíðskipti. Enginn hefur verið grunaður eða handtekinn í tengslum við andlát fjölskyldunnar og er málið enn í dag óupplýst.



MÁL SEM OLLU ÓHUG



Foreldrar Jon-Benét mættu í tilfinningabrungríð sjónvarpsviðtal á CNN skömmu eftir morðið



Tylenol er eitt algengasta verkjalyfið í Bandaríkjunum



JonBenét hafði keppt í fegurðarsamkeppnum fyrir börn

verið inn í húsið fyrr um nóttina. Í kjallaranum var brotinn gluggi en síðar kom í ljós að John Ramsey hafði sjálfur verið þar að verki nokkrum mánuðum áður eftir að hafa læst sig úti. Á nærbuxum JonBenét fannst erfðaefni sem reyndist vera af ókunnugum aðila. Þrátt fyrir ítarlega leit í gagnagrunni lögreglunnar reyndist ómögulegt að finna viðkomandi, en jafnvel er talið líklegt að umrætt erfðaefni eigi sér aðrar skýringar. Það gæti til að mynda verið úr starfsmanni verksmiðjunnar sem framleiddi nærbuxurnar.

Ramsey fjölskyldan var glæsileg á yfirborðinu; John og Patsy voru vel stæð, áttu glæsilegt hús og tvö falleg börn, Burke 10 ára og Jon-Benét 6 ára. JonBenét hafði keppt í fegurðarsamkeppnum fyrir börn en Patsy var sjálf fyrrverandi fegurðardrottning.

Rannsókn lögreglunnar beindist fljótlega að þeim John og Patsy og þótti ýmislegt benda til þess að þau hefðu ráðið dóttur sinni bana. Til að mynda kom í ljós að bréfið þar sem lausnargjalds var krafist hafði verið skrifað á bréfsfni af heimilinu. Orðalag og lengd bréfsins þótti einnig undarlegt auk þess sem í ljós kom að rithöndin var skugglega lík rithönd Patsy Ramsey. Það þótti einnig grunsamlegt að upphæð lausnargjaldsins væri 18 þúsund dollarar, en það var nákvæmlega sama upphæð og John Ramsey hafði fengið í bónusgreiðslu frá vinnunni nokkrum mánuðum áður.

Í kjölfarið spruttu upp getgát-

ur um John og Patsy hefðu banað dóttur sinni og því næst sviðsett ránið til að hylma yfir það sem raunverulega gerðist. Við yfirheyrslur neituðu þau bæði staðfastlega að hafa drepið JonBenét. Þau hafa aldrei verið ákærð vegna málsins. Patsy lést úr krabbameini árið 2016.

Í seinni tíð hafa spjótin einnig beinst að Burke, stóra bróður Jon-Benét og vaknað upp getgátur um að hann hafi orðið systur sinni að bana í ógáti og foreldrar þeirra reynt að hylma yfir með honum.

Rannsókn lögreglunnar hefur einnig beinst að nokkrum aðilum sem ekki tengjast fjölskyldunni og þá helst dæmdum barnaníðingum.

Bandarískur karlmaður, John Mark Karr, var handtekinn og ákærður vegna morðsins árið 2006 og játaði hann á sig glæpin. Honum var síðar sleppt þegar í ljós kom að erfðaefni úr honum passaði ekki við það sem fannst á morðstaðnum.

Á seinasta ári tók málið nýjan snúning þegar Gary Oliva, 54 ára dæmdur barnaníðingur, játaði í bréfi að hafa orðið JonBenét að bana.

Í kjölfarið gaf lögreglan í Boulder frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að þáttur Oliva í málinu hafi þegar verið rannsakaður.

Reglulega berast nýjar ábendingar til lögreglunnar varðandi þetta óhugnanlega mál. Rannsókn málsins er enn opin, 22 árum eftir að það hófst. ■



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysrluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

Gleði og sorg Að sinna fólki er rauði þráðurinn í störfum Frímans, jafnt í gleði sem sorg.



„Maður ætti að skipta um starf þegar maður situr með grátandi fólki og það snertir ekkert við manni“


Tvær hliðar Frímans Andrússonar - Útfararstjóri og plötusnúður

MYND: HANNA/DV

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Frímans Andrússon byrjaði ungur að vinna við útfarir og það sem átti aðeins að vera sumarstarf varð að ævistarfi hans. Þrátt fyrir að hann segist hafa verið stefnulaus sem ungur maður er ljóst að rauði þráðurinn í störfum hans hefur ætíð verið að hjálpa fólki, jafnt í gleði sem á sorgarstundum.

Blaðamaður settist í sófann með Frímanni hjá Útfararþjónustu Frímans og Hálfðans í Hafnarfirði, þar sem Frímans tekur á móti aðstandendum og leiðbeinir þeim um hinstu stund ástvina þeirra; hvenær, hvar og hvernig útför mun fara fram.

„Við erum þrjú sem störfum hérna, lítið og gott fyrirtæki. Mér finnst þetta nánara og maður kynnist fólki betur hér en á stærri vinnustað, þar sem fólk er kannski alltaf að hitta nýjan starfsmann. Hér höldum við okkur við þá reglu að ef ég verð fyrir svörum í fyrsta sinn, þá tek ég viðtalið við aðstandendur og reyni að fylgja þeim í allar athafnir og það sem þarf að gera. Samskiptin verða eðlilegri og persónulegri þannig og ég kann betur við það fyrirkomulag,“ segir Frímans.

Hann er fæddur í Reykjavík, gekk í Laugarnesskóla, Ölduselskóla og útskrifaðist síðan úr Menntaskólanum við Sund. „Bekkjarkefnið var ástæðan fyrir að ég fór þangað, mér fannst það halda betur utan um hópinn, frekar en fjölbrautaskóli þar sem maður hefði týnst svolítið.“ Eftir fyrsta bekk í menntaskóla, fór Frímans og vann yfir sumartímann hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur við hefðbundin störf; reyta arfa, gróðursetja blóm, laga til leiði, grafaritekt og slíkt.

„Ég vann síðan öll sumur með menntaskólanum þar og þar með var ég kominn inn í þennan heim sem ég er búinn að vera viðloðandi síðan. Þegar ég útskrifaðist úr MS árið 1993 þá var ég alveg



Sjálfbóaliði
Frímans hefur verið meðlimur í Landsbjörgu frá unglingsaldri.

Landsbjörg er góður félags- skapur og mjög gefandi.

stefnulaus og vissi ekkert hvað mig langaði að gera, og eðlilega fékk ég bara vinnu áfram í kirkjugörðunum. Árið 1996, þegar ég var 23 ára, losnaði sumarstarf hjá Útfararstofu kirkjugarðanna. Þar var ég næstu 19 árin þannig að starfið varð aðeins meira en sumarstarf. Síðan urðu breytingar þar, og Hálf-

dán bað mig um að koma í fullt starf hingað yfir.“

Aðspurður um hvaða nám útfararstjóri þurfi að hafa, svarar Frímans að reynslan sé nánari. „Maður fer bara í djúpu laugina strax, og starfar við hliðina á öðrum reyndari, þannig hefur þetta alltaf verið og er ennþá. Í ein- ▶

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Stokkið út Fallhlífastökk áttu allan hug Frímanna á tímabili.



„Ég spila bara einstaka sinnum enda orðinn háaldraður“

Plötusnúðalíf
Frímanna fyllir dansgólfið á Nasa.

hvern tíma ertu bara með, svo ferðu að gera hlutina með öðrum reyndari, svo gerir þú þá sjálfur.“

„Þegar ég byrjaði voru þrjár útfararþjónustur. Í dag eru tíu útfararþjónustur á höfuðborgarsvæðinu og samkeppnin heilmikil. Við auglýsum að vissu marki, en það er hluti af tabúinu við dauðann að það þykir ekki við hæfi að auglýsa útfararþjónustu of mikið. Maður þarf samt alltaf að minna á sig og ég segi að góð þjónusta er alltaf besta auglýsingin. Margir Hafnirðingar vilja líka leita til hafnirsks fyrirtækis og það er mjög notalegt.“

Fólk deyr ekki alltaf á hefðbundnum vinnutíma

Hvernig er hefðbundinn vinnudagur á útfararstofu, er þetta 8-4 vinna?

„Í grunninn er starfið það, skrifstofan er opin kl. 8-17 og við reynum að gera allt sem þarf innan þess tíma. En fólk deyr ekki bara á þessum tíma og hjúkrunarheimili og líknardeildin eru ekki með aðstöðu til að geta geymt hinn látna lengi og hringja því í okkur og þá förum við einfaldlega í fötin og leggjum af stað. Minn fyrri vinnustaður sér um að manna útköll frá lögreglu, þar eru alltaf tveir á vakt standby allan sólarhringinn. Það er eitthvað sem ég gerði þegar ég starfaði þar, var á vakt tvær vikur í mánuði og það var of mikið fannst mér. Maður vill eiga líf fyrir utan vinnuna líka. En móti kemur hér að þegar fyrirtækið er lítið og fámenn þá þarf maður að taka á sig meira, eins og nú var verið að biðja um útför á frídegi og þá verður maður við því.“

Starf útfararstjóra felst í að sjá um allt frá andláti til jarðsetningar.

Við sækjum hinn látna og fær- um í líkhús, síðan koma aðstandendur í viðtal til mín þar sem ég fer yfir allt ferlið með þeim. Ég er bara með lista þar sem ég fer yfir alla möguleika, ég sýni þeim kistur og duftker, er þetta jarðarför eða bálfor, hvaða kirkjugarð erum við að fara í, hvaða prest ætlið þið að tala við, hvaða dag á útförin að fara fram og klukkan hvað, það þarf allt að þússlast saman.

Við klæðum og búum um hinn látna í kistuna. Það þarf að loka augum og munni, laga hár og snyrta. Stundum kemur ósk um varalit, að naglalakka eða annað, og öllum svona óskum er lítið mál að verða við. Það er allt opið hvað fólk vill taka mikinn þátt í ferlinu, en í fæst skipti vill fólk taka þátt í því öllu.

Síðan þarf að undirbúa kistulagningu og útför, í dag er algengast að þetta liggja saman, þá byrjum við daginn á að sækja kistuna og keyra í kirkjuna, mætum síðan fyrir athöfn til að taka á móti gestum, síðan er viðvera við athöfnina. Að lokum þarf að keyra í kirkjugarðinn eða það er kvatt við kirkjuna ef þetta er bálfor. Athafnir eru oftast kl. 13 og seinnipartinn eru viðtöl, svona reynir maður að þússla deginum saman. Svo koma álagspunktur, eins og síðustu tvo mánuði, sem þýðir að stundum eru 2-3 útfarir á dag.

Ég kann vel við þetta starf, maður er út um allt og hittir mikið af fólki, ég yrði sturlaður ef ég væri bundinn við skrifborð allan daginn eða við búðarstörf þar sem maður er inni í lokuðu rými

Það eru margir kostir við þetta starf ef þú kemst yfir þann hjalla að þú ert að vinna með látið fólk.“

Frímanna segir margt hafa breyst í starfinu frá því hann byrjaði í því, hvað þá frá fornu fari þegar hús-kveðjur voru algengar þar sem kistan með látnum einstaklingi stóð heima í stofu í marga daga.

„Áður voru margir eldri prestar með þetta mjög formfast, þungar ræður, þrúgandi tónlist og athafnir voru mjög erfiðar og yfirþyrmandi. Í dag er þetta allt að verða miklu léttara, tillit tekið til þess látna og aðstandenda, tónlistin er oft dægurlög, jafnvel uppáhaldslög hins látna. Prestar vilja stundum fá fólk til að hlæja, mér finnst mjög notalegt að vera frammi í anddyri og heyra þegar presturinn slær á léttu strengi og fær fólk til að hlæja og minnst þess góða hjá hinum látna. Þetta léttir stundina mikið. Auðvitað á þetta að vera svoleiðis, af hverju erum við ekki löngu komin þangað? Velflestir prestar taka vel í þetta, en hins vegar má ekki gleyma að um er að ræða kirkjulega athöfn og því eru oftast einhverjir sálmar og fast form á athöfninni.“

Samskipti við aðstandendur bæði það besta og erfiðasta við starfið

„Að vera í hlutverki þess sem aðstoðar fólk er það besta við starfið og fólk er í langflestum tilvikum þakklátt fyrir það sem maður er að gera. Á sama tíma er erfiðast að sitja með aðstandendum sem eiga mjög erfitt. Það reynist fólki mjög erfitt þegar fólk fellur frá í blóma lífsins, vegna sjálfsvíga eða ung börn. Fólk á að geta lifað háan aldur og dáði en því miður er það ekki alltaf þannig, það gerist bara og þannig er lífið. Maður er stundum berskjaldaður og mismun- ▶

Frímanna á vinnustað
„Starf útfararstjóra felst í að sjá um allt frá andláti til jarðsetningar.“



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

Á Esjunni Frímanni finnast göngutúrar bestir til að kúpla sig frá vinnunni.



andi hvað viðtöl taka á mann, en ég held maður ætti að skipta um starf þegar maður situr með grátandi fólki og það snertir ekkert við manni. Maður getur þurft að kyngja í viðtölum svo lítið beri á.“

Starfið hlýtur oft að reyna á andlegu hliðina, hvað gerir þú helst til að kúpla þig frá vinnunni?

„Ég labba á fjöll og geri það oftast einn, ég þoli ekki íþróttastöðvar. Svo slappa ég rosalega vel af með að liggja heima í sófa og horfa á sjónvarpið, ég er yfirlýstur sjónvarpsjúklingur! Stundum stand ég mig að því að hafa verið bara inni í náttfötunum, gott veður úti og maður fær þínu samviskubít, ég verð að venja mig af því.“

Fleiri hliðar Frímans

Útfararstjórastarfið er ekki eina starf Frímans, því hann gegnir tveimur öðrum þó í minna mæli sé og byrjaði í þeim báðum á grunnskólaaldri, annars vegar starfar hann sem plötusnúður og hins vegar sem meðlimur í Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

„Ég var 16 ára þegar ég byrjaði í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Starfið þar heillaði mig svakalega og ég hætti meira að segja í skóla í eitt ár, ég var svo upptekinn af björgunarsveitarstarfinu. Það er gott við þetta félag að þú getur lagt þig eftir því sem höfðar til þín. Eins og þegar ég var búinn með nýliðann þá hafði ég ekki áhuga á klifri, skyndihjálpin höfðaði til mín, ég kláraði allt sem ég gat þar og tók leiðbeinandann. Ég hafði áhuga á fallhlífastökki líka, tók grunninn, stökk nokkrum sinnum og fór í bandaríska fallhlífaherskólann og tók grunnnámskeiðið þar, en ég

fór ekki þá leið að kaupa fallhlíf og stunda sem sport. Svo fór ég bara að gera eitthvað annað. Landsbjörg er góður félagsskapur og mjög gefandi starf,“ segir Frímanni sem er þó búinn að vera mis virkur í gegnum árin.

„Björgunarsveitastarfið er gott að því leyti að þú getur ráðið sjálfur hversu virkur þú ert. Félagi minn hringdi síðan í mig árið 2003-4 og fékk mig með sér í aðgerðastjórn, sem var frábær leið fyrir mig aftur inn í félagið og mér finnst þetta rosalega gaman. Ég er í því sem heitir svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1. Þar eru 1-2 úr hverri sveit sem mynda þéttan kjarna og eiga samskipti við lögreglu, aðstandendur þegar einhver er týndur, skipa leitarsvæði og ég hef fundið mig í þessu starfi. Svæðisstjórnin er fín, það er aksjón en ég hef ekki áhuga á að bjóða mig fram í til dæmis stjórn Landsbjargar, það er of mikil fundarseta fyrir minn smekk, en um að gera fyrir þá sem hafa áhuga að sækja eftir því, það höfðar ekki til mín.“

Plötusnúður þrátt fyrir háan aldur

Undir lok grunnskólans hjá Frímanni þegar rafræna danstónlistin fór að ryðja sér til rúms hér á landi og plötusnúðar voru í hávegum hafðir leit hann til fyrirrennara sinna eins og Þorsteins Högna sem var með þátt á Bylgjunni. „Maður hlustaði á þáttinn, tók upp lög á kassetur og skrifaði niður lista. Síðan þegar pabbi fór erlendis var hann sendur út með miða yfir plötur sem hann átti að kaupa, hann þvældist í vafasöm hverfi og kjallara þar sem voru plötu-

„Að vera í hlutverki þess sem aðstoðar fólk er það besta við starfið“



Hinsta ferðin Fararskjóttinn sem keyrir þá látnu hinstu ferðina í kirkju og kirkjugarð.

búðir. Seinna fór maður sjálfur út og keypti 100-200 plötur, áður en plötubúðir urðu að veruleika hér heima. Á þessum tíma var reifmenningin ný og maður tók þátt í þeirri umbreytingu og ég var mestmegnis að spila í frekar ólöglegum partýum í bílakjöllurum eða slíkt, þetta var mikið jaðar.“

Síðan tók Frímanni að spila á stöðum eins og Tunglinu, Ingólfskaffi, Rosenberg og fjölda staða sem opnir voru í stuttan tíma. „Svo kom Thomsen-tímabil-ið sem var ævintýrlegt, þá var gefinn frjálss opnunartími, staðir þurftu ekki að loka klukkan þrjú, heldur var bara opið eins lengi og fólk vildi, við spiludum stundum fram undir morgun og fólk var oft í mjög annarlegu ástandi,“ segir Frímanni. „Í dag er þetta þannig að maður er bara að spila einstaka sinnum á Kaffibarnum enda orðinn háaldraður, þetta er í dag kannski eitt kvöld í mánuði og mér finnst það fínt!“

Ég er oft spurður hvort ég taki að mér einkapartý, sem ég geri

ekki. Ég spila bara teknó- eða houstónlist og ef hún er sett á fyrir fólk komið yfir miðjan aldur eða fólk sem fílar hana ekki þá er það ekkert skemmtilegt. Fólk sækist vonandi í að koma þegar ég er að spila af því að það fílar tónlistina sem ég er að spila.“

Frímanni segir útgjöldin alltaf meiri en innkoman er, og margir staðir hafi í gegnum tíðina gengið á lagið með að plötusnúðar spili af áhuganum einum saman og því borgað lítið sem ekkert. „Þú ert að panta plötur og láta senda heim, eða í dag að sækja tónlist af netinu, þú þarft að eiga græjur en maður hefur brennandi áhuga á þessu. Áður var maður oft með mikinn farangur með sér, alltaf með fullt af plötum, þvílíkur burður og stundum var maður með plötuspilara og mixer, núna er maður með einn svona kubb með allri tónlistinni sem maður hefur keypt sér í gegnum árin.“

Aðspurður hvort hann hafi aldrei viljað gera tónlist sjálfur svarar Frímanni að það sé mjög al-

geng spurning og svarið við henni sé að það henti honum ekki. „Ég get verið mörgum kvöldum að fara í gegnum rafrænar plötubúðir að leita að réttu lögunum, en að eyða mörgum kvöldum eða vikum í að reyna að finna rétta taktinn er eitthvað sem ég fíla ekki.“

Frímanni er faðir tveggja drengja, 11 og 15 ára, og segir hann þeim ekki finnast starf föður síns eitthvað sérstakt. „Mér finnst þetta svo eðlilegt að ég geri mér ekki grein fyrir hvort öðrum finnst það sérkennilegt starf. Það er sjokk fyrir fólk sem hefur enga reynslu af dauðanum að standa allt í einu í líkhúsi og þú þarft að komast yfir þann þröskuld ef þú ætlar að vera í þessu starfi. Ég er bara mjög ánægður, þú einhvern veginn kannst við þetta starf strax eða ekki og ég get ekki séð að ég sé að fara að skipta um starf úr þessu. Það er skemmtileg samsetning að sinna þessu starfi og vera svo plötusnúður af og til. Sitt hvor endinn á lífsspektrúminu: sorg og gleði, en alltaf tengdur fólki.“ ■



BYLTING FYRIR ALLAN MUNNINN

Tvívætt sink
og argínín

veita náttúrulega
vörn gegn bakteríum
í munnum

Heildarvörn fyrir tennur, tungu, kinnar og tannhold

NÝTT

Veruleg fækkun
baktería á tönnum,
tungu, kinnum og
gómi eftir samfellda
notkun í fjórar vikur.

Frábær
vörn í
12
tíma

Colgate®

Vestur-Íslendingur stofnar kannabisræktun í Utah

Lyle Christansen er vestur-íslenskur bóndi í Utah sem hyggst stofna kannabisræktun á ættarbúgarði sínum. Lyle ræddi við FOX 13 sjónvarpstöðina nú á dögunum og kom þar fram að hann væri af íslenskum ættum.

Í viðtalinu lýsir Lyle hann íslenskum forfeðrum sínum sem „brauðryðjendum sem komu til lands tækifæranna“. Jörðin hefur gengið frá einni kynslóð til annarrar. Á bænum ræktar Lyle meðal annars bygg og alfalfaspírur sem hann selur síðan á Amazon.com undir vörumerkinu „The Viking Farmer“. Núna hyggst hann feta nýjar slóðir í ræktuninni.

Árlega veitir Matvæla- og landbúnað-

arstofnun Utah-fylkis 10 leyfi til bænda til að rækta maríjúana í lækningaskyni. Með því er reynt að tryggja að sjúklingar geti nálgast efnið á löglegan og auðveldan hátt.

Lyle hyggst sækja um slíkt leyfi og segist hann hafa mikla trú á ræktun af þessu tagi.

„Ég lít ekki á þetta sem dóp eða gras. Fyrir mér þetta er lyf. Þetta á eftir að hjálpa börnum með kljást við krampa og flog. Þetta á eftir að hjálpa systur minni sem er að ljúka lyfjameðferð við krabbameini. Krabbameinsjúklingar geta nýtt sér þetta, og sömuleiðis uppgjafahermenn sem þjást af áfallastreituröskun. Möguleikarnir eru óteljandi.“



Bláa sjoppan verður veipbúð

Hin víðfræga Bláa sjoppa í Grafarvogi, eða Engjaver eins og hún var áður kölluð, verður nú veipbúð. Veipkeðjan Polo tilkynnti nýverið að hún myndi opna í sjoppunni.

Einhverjir íbúar hverfisins hafa lýst yfir áhyggjum af opnuninni enda er sjoppan staðsett á milli þriggja skóla. Framhaldsskólans Borgarholtsskóla og grunnskólanna Vættaskóla og Kelduskóla. Bláa sjoppa hefur hins vegar selt rafretuvörur frá árinu 2017 og einnig hefur verið hægt að kaupa tóbak þar.



Þorsteinn ræðukóngur málpófsins

Þorsteinn Sæmundsson hefur forystu í málpófi Miðflokksins um þriðja orkupakkann. Þegar þessi frétt er skrifuð hafði hann haldið 48 ræður um málið. Formaðurinn, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, kom rétt á eftir með 45 ræður og Birgir Þórarinnsson með brons og 39 ræður.

Þar á eftir koma Karl Gauti Hjaltason með 36 ræður, Bergþór Ólason með 35, Ólafur Ísleifsson með 27, Gunnar Bragi Sveinsson með 23, Anna Kolbrún Árnadóttir með 13 og lestina rak Sigurður Páll Jónsson með aðeins 8 ræður.



Loki

netto line



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is